



## **BA í lögfræði**

### „Ósýnilegu börnin“

Réttarstaða barna sem eiga foreldra með geðrænan vanda

**Júní, 2022**

**Nafn nemanda:** Emma Íren Egilsdóttir

**Kennitala:** 030400-3720

**Leiðbeinendur:** Guðríður Bolladóttir og Svala Ísfeld Ólafsdóttir

## Útdráttur

Markmið ritgerðarinnar er að leita svara við því hvort Ísland, sem aðildarríki barnasáttmálans, uppfylli þær skuldbindingar sínar, að grípa til allra viðeigandi og nauðsynlegra ráðstafana, til að tryggja að börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda, fái notið viðeigandi stuðnings og þeirra réttinda sem kveðið er á um í barnasáttmálanum, á sama hátt og önnur börn, án mismununar af nokkru tagi. Með fullgildingu barnasáttmálans og þeim breytingum sem gerðar voru á íslenskri löggjöf í kjölfarið, hefur réttarstaða barna styrkst til muna. Með lögfestingu barnasáttmálans skuldbatt Ísland sig enn frekar til að tryggja að sérhvert barn innan umráðasvæðis þess, fái notið sérstakrar verndar og umönnunar.

Til þess að leita svara við þeim spurningum, verður fjallað um áhrif barnasáttmálans á löggjöf og framkvæmd á Íslandi, auk þess sem fjallað verður um meginreglur hans og markmið, með sérstakri hliðsjón af þeim hópi barna sem eiga foreldra með geðrænan vanda. Þá er fjallað um þróun löggjafar sem tekur til málefna barna á ýmsum sviðum. Einnig er fjallað um aðgerðir íslenska ríkisins sem og frjálsra félagasamtaka í þágu þessa hóps barna, auk þess sem samanburður er gerður við hin Norðurlöndin, en einnig er farið yfir dómaframkvæmd bæði hér á landi og hjá Mannréttindadómstól Evrópu.

## **Abstract**

The aim of the dissertation is to seek to answer whether Iceland, as a member of the Convention on the Rights of the Child, fulfills its obligations, to take all appropriate and necessary measures, to ensure that children with parents with mental health problems receive appropriate support and the rights provided for in the Convention on the Rights of the Child, in the same way as other children, without discrimination of any kind. With the ratification of the Convention on the Rights of the Child and the subsequent amendments to Icelandic legislation, the legal status of children has been greatly strengthened. With the legalization of the Convention on the Rights of the Child, Iceland further committed itself to ensuring that every child within its territory enjoys special protection and care.

In order to seek answers to these questions, the impact of the Convention on the Rights of the Child on legislation and implementation in Iceland will be discussed, as well as its principles and objectives, with special regard to the group of children with parents with mental health problems. It also discusses the development of legislation that covers children's issues in various areas. The actions of the Icelandic state as well as non-governmental organizations for the benefit of this group of children are also discussed, in addition to which comparisons are made with the other Nordic countries, but there is also a review of case law both in Iceland and at the European Court of Human Rights.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	i
Abstract .....	ii
Lagaskrá .....	iv
Brottfallin lög .....	iv
Norsk löggjöf .....	iv
Lov om spesialisthelsetjenesten 2. juli 1999 nr. 61 .....	iv
Sænsk löggjöf .....	iv
Dómaskrá .....	iv
Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu .....	v
Erlendur dómur .....	v
Alþingistíðindi .....	v
1. Inngangur .....	1
2. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins .....	2
2.1 Grundvallarreglur barnasáttmálans .....	3
2.2 44. gr. barnasáttmálans .....	5
2.3 Ákvæði barnasáttmálans sem sérstaklega eiga við um þennan hóp barna .....	7
3. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 .....	10
4. Þróun barnaréttar á Íslandi .....	11
5. Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda .....	12
6. Barnaverndarlöggjöf .....	16
7. Lög um umboðsmann barna .....	19
8. Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 .....	19
9. Aðgerðir íslenska ríkisins .....	21
9.1 Stefnu- og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum .....	21
9.2 Okkar heimur .....	23
9.3 Félagsþjónusta sveitarfélaga .....	24
9.4 Geðheilsuteymi fjölskylduvernd .....	25
10. Norrænn samanburður .....	25
11. Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu .....	27
12. Dómaframkvæmd .....	31
13. Niðurstöður .....	33
Heimildir .....	35

## Lagaskrá

Barnalög nr. 76/2003

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda nr. 50/2019

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021

Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

## Brottfallin lög

Barnalög nr. 20/1992

Barnalög nr. 9/1981

Barnaverndarlög nr. 58/1992

Lög um barnavernd nr. 43/1932

Lög um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947

Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966

## Norsk löggjöf

Lov om helsepersonell 2. juli 1999 nr. 64

Lov om spesialisthelsetjenesten 2. juli 1999 nr. 61

## Sænsk löggjöf

Lag (2017:30) om hälso- och sjukvård

## Dómaskrá

Dómur Hæstaréttar 13. mars 2012 í máli nr. 144/2012

Dómur Hæstaréttar 13. mars 2012 í máli nr. 145/2012

Úrskurður Landsréttar 15. október 2019 í máli nr. 647/2019

Úrskurður Landsréttar 2. desember 2019 í máli nr. 748/2019

Úrskurður Landsréttar 2. desember 2019 í máli nr. 749/2019

Úrskurður Landsréttar 26. mars 2021 í máli nr. 57/2021

Úrskurður Landsréttar 26. mars 2021 í máli nr. 58/2021

Úrskurður Landsréttar 31. janúar 2019 í máli nr. 407/2019

## Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

*Bensaid g. Bretlandi* ECHR 2001-I

*A.K. og L. g. Króatíu* App nr. 37956/11 (ECtHR, 8. janúar 2013)

*B. g. Rúmeníu* App nr. 1285/03 (ECtHR, 19. febrúar 2013)

*K. og T. g. Finnlandi* ECHR 2001-VII

*S.S. g. Slóveníu* App nr. 40938/16 (ECtHR, 30. október 2018)

## Erlendur dómur

Dómur Svea hovrätt í máli T 5095-1 frá 11. apríl 2014

## Alþingistíðindi

Alþt. 1990-1991, A-deild, þskj. 574-326. mál

Alþt. 2001-2002, A-deild, þskj. 403-318. mál

Alþt. 2001-2002, A-deild, þskj. 403-318. mál

Alþt. 2001-2002, A-deild, þskj. 403-318. mál

Alþt. 2011-2012, A-deild, þskj. 1449-290. mál

Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 82-155. mál

Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 155-155. mál

Alþt. 2012-2013, B-deild, 155. mál, 84. fundur

Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1217-338. mál

Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 273-255. mál

Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 1691-255. mál

Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 273-255. mál

Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 441-355. mál

Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 103-102. mál

Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 1779-731. Mál

Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 440-354. mál

## 1. Inngangur

Á síðustu áratugum hafa miklar breytingar átt sér stað í málefnum barna, í takt við örar samfélagsbreytingar sem áhrif hafa haft á réttindi barna. Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að tryggja að hvert barn, án nokkurrar mismununar, fái notið sérstakrar verndar og umönnunar. Áætlað er að eitt af hverjum fimm börnum eigi foreldri með geðrænan vanda, en þessi hópur barna hefur verið kallaður „ósýnilegu börnin“ þar sem lítið er vitað um stöðu þeirra auk þess sem lítið hefur verið fjallað um þau í opinberri umræðu. Rannsóknir hafa sýnt að áföll í æsku geta haft mikil áhrif á líðan og framtíðarhorfur barna, en þessi hópur barna upplifir oft fordóma og skilningsleysi vegna veikinda foreldris, mörg þeirra þurfa að sinna umönnun yngri systkina og axla meiri ábyrgð á heimilum sínum en jafnaldrar þeirra gera alla jafna, sem hefur áhrif á möguleika þeirra til að njóta menntunar, tómstunda og félagslegra samskipta við jafnaldra. Börn foreldra með geðrænan vanda njóta í sumum tilvikum ekki stuðnings foreldra á sama hátt og jafnaldrar þeirra og foreldrar í þessari stöðu eru ekki alltaf til þess færir að veita barni sínu umönnun og uppeldi. Þessi hópur barna og fjölskyldur þeirra er jaðarsettur og lítið er vitað um aðstæður þeirra. Um þriðjungur barna sem missir foreldri sitt, missir það vegna ytri orsaka, áverka og eitrona, og er þar í flestum tilvikum um að ræða sjálfsskaða og/eða sjálfsvíg, sem oft tengist geðrænum veikindum.

Í þessari ritgerð verður fjallað um það hvernig réttindi og hagsmunir barna sem eiga foreldra með geðrænan vanda, eru tryggðir í löggjöf og framkvæmd, og hvort íslenska ríkið, sem aðildarríki barnasáttmálans, sé að uppfylla þá skyldu samkvæmt sáttmálanum að grípa til allra viðeigandi og nauðsynlegra ráðstafana, til að tryggja að börn í þessari stöðu, fái notið viðeigandi stuðnings og þeirra réttinda sem kveðið á um í barnasáttmálanum, á sama hátt og önnur börn, án mismununar af nokkru tagi.

## 2. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Með lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013<sup>1</sup> var barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna lögfestur, en hann hafði þó þegar öðlast gildi á Íslandi 28. október 1992, en samningurinn var jafnframt undirritaður af hálfu Íslands í byrjun árs 1990.<sup>2</sup> Til þess að tryggja beitingu hans í framkvæmd og um leið bein réttaráhrif hafði lögfestingin mikla þýðingu, vegna tvíeðliskenningarinnar, en hún felur í sér að veita þarf ákvæðum slíkra alþjóðasáttmála lagagildi til þess að þeir teljist hluti af landsrétti.<sup>3</sup> Talsverðan tíma tók fyrir íslenska ríkið að lögfesta barnasáttmálann, því þrátt fyrir að sáttmálinn hafi á sínum tíma verið fullgildur án fyrirvara af hálfu Íslands þótti ástæða til þess að leggja fram sérstakar yfirlýsingar vegna tveggja ákvæða sáttmálans. Önnur yfirlýsingin laut að ákvæði 1. mgr. 9. gr. sáttmálans og varðaði það fyrirkomulag þess tíma sem fól í sér, að ekki var hægt að skjóta ákvörðun stjórnvalda til dómstóla í forsjármálum, nema innan marka 60. gr. stjkskr., sem var ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. 9. gr. sáttmálans. Hin yfirlýsingin laut að c-lið 37. gr. sáttmálans og varðaði aðskilnað sakhæfra barna frá fullorðnum, en heimilt var við fullgildingu sáttmálans, samkvæmt þágildandi lögum og fyrirkomulagi fullnustu refsinga, að vista börn með fullorðnum í fangelsi. Því þurfti að ráðast í breytingar á lögum um fullnustu refsinga til samræmis við c-lið 37. gr. sáttmálans.<sup>4</sup> Lögfesting barnasáttmálans var samþykkt einróma á 141. löggjafarþingi Alþingis en fyrirséð var að það myndi kalla á breytingar á fyrirkomulagi og lögum um fullnustu refsinga.<sup>5</sup>

Árið 2016 voru sett ný lög um fullnustu refsinga, nr. 15/2016 en í 44. gr. þeirra laga er kveðið á um afplánun fanga yngri en 18 ára, en þar segir að óheimilt sé að vista fanga undir 18 ára aldri í fangelsi nema sérstakar ástæður mæli með því, sem er í fullu samræmi við ákvæði barnasáttmálans.

Undirbúningur við gerð barnasáttmálans hófst árið 1979 en það ár var kallað „ár barnsins“ hjá Sameinuðu þjóðunum.<sup>6</sup> Árið 1989 var samningurinn lagður fyrir allsherjarþing SP til undirritunar og fullgildingar. Barnasáttmálinn er skuldbindandi samkomulag þjóða heimsins og með honum voru réttindi barna í fyrsta sinn leidd í alþjóðalög. Fyrir tilkomu barnasáttmálans, hafði alþjóðasamfélagið og SP lítið látið réttindi barna til sín taka með beinum

---

<sup>1</sup> Hér eftir: barnasáttmálinn

<sup>2</sup> Umboðsmaður barna, „Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins“ (*Umboðsmaður barna*) <<https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnasattmali-sameinudu-thjodanna/>>, skoðað 23. febrúar 2022

<sup>3</sup> Andri Árnason, Sindri M. Stephensen og Stefán A. Svansson, *Aðferðafræði : réttarheimildir* (Reykjavík : Háskólinn í Reykjavík, 2020) 145

<sup>4</sup> Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 82-155.mál

<sup>5</sup> Alþt. 2012-2013, B-deild 155. mál, 84. fundur (atkvæðagreiðsla) skoðað 24. mars 2022

<sup>6</sup> Hér eftir: SP



hætti. Árið 1924 setti Þjóðabandalagið fram yfirlýsingu sem innihélt fimm meginreglur um velferð og vernd barna. Í Mannréttindayfirlýsingu SP frá árinu 1948, var einungis á einum stað kveðið með beinum hætti á um réttindi barna en það var í 2. mgr. 25. gr. yfirlýsingarinnar þar sem segir að mæðrum og börnum beri að veita sérstaka vernd og aðstoð og að öll börn skuli njóta sömu verndar, án mismununar af nokkru tagi. Það var síðan árið 1959 sem Yfirlýsing SP um réttindi barnsins leit dagsins ljós en hún er fyrsta samþykktin á þeim vettvangi sem fjallaði einungis um réttindi barna. Ákvæði barnasáttmálans taka mið af og endurspeglar þessar yfirlýsingar, en hann er mun skýrari og víðtækari og endurspeglar jafnframt einnig nýja og byltingarkennda sýn á réttarstöðu barna, sem felur í sér að litið er á börn sem réttthafa, sem njóta sjálfstæðra réttinda, óháð réttindum foreldra þeirra.<sup>7</sup>

Barnasáttmálinn er alþjóðlegur samningur sem viðurkennir mannréttindi barna. Hann lögfestir þá skyldu aðildarríkja að tryggja að hvert barn, án nokkurrar mismununar, njóti sérstakrar verndar og umönnunar, að það geti að fullu þroskað hæfileika sína og getu, vaxi úr grasi við ást, skilning og hamingju og sé upplýst um og taki þátt í að móta málefni sem það varða.<sup>8</sup>

Það gefur barnasáttmálanum tvímælalaust aukið vægi að öll ríki heims hafi fullgilt samninginn að undanskildum Bandaríkjunum. Þrátt fyrir að aðgerðum í þágu málefna barna sé víða ábótavant og þau njóti takmarkaðra réttinda, þá hefur tilkoma barnasáttmálans haft ótvíræð áhrif á samfélagsleg viðhorf til barna. Áhrifa barnasáttmálans gætir víða í löggjöf, til að mynda hafa þó nokkur ríki sett inn sérstök ákvæði um réttindi barna í stjórnarskrár sínar, ríki hafa endurbætt löggjöf sína til samræmis við barnasáttmálann, stofnunum hefur verið komið á fót með það að markmiði að gæta að réttindum og hagsmunum barna auk þess sem alþjóðasamstarf í þágu barna hefur aukist.<sup>9</sup>

## 2.1 Grundvallarreglur barnasáttmálans

Í inngangi barnasáttmálans er 2. mgr. 25. gr. Mannréttindayfirlýsingar SP áréttuð en þar segir að börnum beri að veita sérstaka vernd og aðstoð, enda sé um að ræða viðkvæman þjóðfélagshóp sem þarfnast verndar umfram fullorðna. Þar segir einnig að barn eigi að alast upp innan fjölskyldu, við hamingju, ást og skilning, til þess að persónuleiki þess geti mótast á

---

<sup>7</sup> Þórhildur Líndal, *Barnasáttmálinn : rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi* (Reykjavík: UNICEF 2007) 6

<sup>8</sup> sama heimild

<sup>9</sup> sama heimild

heilsteypnan og jákvæðan hátt, til að undirbúa barnið að fullu fyrir að lifa sjálfstæðu lífi innan samfélagsins.<sup>10</sup>

Barnasáttmálanum er skipt upp í þrjú hluta. Fyrsti hluti sáttmálans fjallar um réttindi barna og skyldur aðildarríkjanna gagnvart börnum, en sá hluti sáttmálans hefur stundum verið kenndur við „þrjú P“ en þau vísa til umhyggju, verndar og þátttöku (e. provision, protection and participation). Annar hluti sáttmálans fjallar um upplýsingaskyldu aðildarríkja gagnvart almenningi og barnaréttarnefnd SP, um framkvæmd samningsins. Þriðji hlutinn fjallar um formleg atriði er lúta að sáttmálanum sjálfum, m.a. varðandi fullgildingu, uppsögn og farveg breytingatillagna.<sup>11</sup>

Barnaréttarnefnd SP hefur það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd barnasáttmálans í aðildarríkjum hans, en auk þess hefur nefndin það hlutverk að veita nánari leiðbeiningar um túlkun og beitingu sáttmálans. Nefndin hefur gefið út leiðbeinandi flokkun á greinum barnasáttmálans, samkvæmt þeirri flokkun eru fjórar greinar hans grundvallarreglur sem líta ber til og hafa hliðsjón af við túlkun og beitingu annarra ákvæða sáttmálans, en það eru 2., 3., 6. og 12. gr. barnasáttmálans. Meginregla sú sem birtist í 2. gr. sáttmálans fjallar um jafnan rétt allra barna, án mismununar af nokkru tagi, algjörlega óháð stöðu þeirra og aðstæðum. Þá felur reglan jafnframt í sér að barni skuli ekki mismunað eða refsað vegna stöðu, athafna eða athafnaleysis foreldra þeirra. Þá fjallar 3. gr. sáttmálans um að hagsmunir barna og það sem þeim er fyrir bestu skuli ávallt haft að leiðarljósi í öllum þeim ákvörðunum og/eða aðgerðum sem kunna að hafa áhrif á líf barns. Regla 6. gr. sáttmálans kveður á um rétt sérhvers barns til lífs og þroska. Í 12. gr. er svo kveðið á um rétt barna til að fá að tjá sig og til að taka þátt í öllum málum sem þau varðar, í samræmi við aldur og þroska þeirra.<sup>12</sup>

Í 5. gr. barnasáttmálans er kveðið á um að aðildarríki skuli virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra eða eftir atvikum fjölskyldna, sem þá eru túlkaðar rúmt, út frá hagsmunum barna. Samkvæmt þeirri grein ber aðildarríkjum að halda afskiptum af börnum og fjölskyldulífi þeirra í lágmarki svo fremi sem önnur ákvæði barnasáttmálans séu virt, svo sem réttur barna til verndar gegn öllum tegundum ofbeldis og réttur barna til viðunandi uppeldisaðstæðna, umönnunar og verndar. Í 9. gr. barnasáttmálans er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja að tryggja að barn sé ekki aðskilið frá foreldrum sínum gegn vilja þess, svo framarlega sem aðskilnaður sé ekki nauðsynlegur og þá með tilliti til hagsmuna barnsins. Í 18. gr. er meðal annars fjallað um þá skyldu aðildarríkja að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að aðstoða

---

<sup>10</sup> sama heimild 7

<sup>11</sup> sama heimild

<sup>12</sup> sama heimild

foreldra við að uppfylla ábyrgð sína og skyldur á uppeldi barns. Aðildarríkjum ber jafnframt skylda til að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að réttindi þau sem sáttmálinn verndar nái fram að ganga, hvort sem það er á sviði löggjafar, stjórnsýslu eða á öðrum vettvangi, sbr. 4. gr. barnasáttmálans.

Ísland hefur lögfest tvær af þremur valfrjálsum bókunum við barnasáttmálann, annars vegar valfrjálsta bókunin um sölu á börnum, barnavændi og barnaklámi og hins vegar valfrjálsta bókunin um þátttöku barna í vopnuðum átökum en þær voru lögfestar samhliða barnasáttmálanum.<sup>13</sup> Þriðja valfrjálsta bókunin varðar sjálfstæða samskipta- og kærueimild barna og fulltrúa þeirra til barnaréttarnefndar SP, en hún var samþykkt þann 19. desember 2011 og tók gildi 14. apríl 2014. Einungis 48 ríki hafa fullgilt bókunina og 52 ríki hafa undirritað hana og er Ísland ekki á meðal þeirra.<sup>14</sup> Þingsályktunartillaga um undirritun og fullgildingu þriðju valfrjálstu bókunarinnar við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur verið lögð fram fjórum sinnum, á 148., 149., 150. og 151. löggjafarþingi og gekk málið til utanríkismálanefndar þann 24. nóvember 2020 þar sem það situr enn og því ljóst að fullgilding bókunarinnar er ekki fyrirsjáanleg í náinni framtíð.<sup>15</sup> Bókunin og sú kæruleið sem hún felur í sér var mikilvægt skref í mannréttindabaráttu barna en barnasáttmálinn var lengi eini alþjóðlegi mannréttinda-samningurinn sem fól í sér beint eftirlit alþjóðlegs eftirlitsaðila sem einstaklingur gat beint kæru til ef hann taldi aðildarríki ekki vera að uppfylla skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum. Með því að undirrita og lögfesta bókunina eru aðildarríki að styrkja sjálfstæð réttindi barna<sup>16</sup> en þó ber að líta til þess að ýmsir hafa gagnrýnt bókunina og framkvæmd kæruleiðar til barnaréttarnefndarinnar, enda séu börn ekki endilega upplýst um tilvist hennar, þá eigi þau í mörgum tilvikum ekki möguleika á því að hefja slíkt kærufæri og erfiðleikum sé háð fyrir þau að sækja mál á grundvelli bókunarinnar í trássi við vilja foreldra.<sup>17</sup>

## 2.2 44. gr. barnasáttmálans

Samkvæmt 44. gr. barnasáttmálans skuldbinda aðildarríki sig til þess að afhenda barnaréttarnefndinni reglulega skýrslur um framkvæmd samningsins í viðkomandi ríki. Barnaréttarnefndin leggur mat á þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunum, og um leið

---

<sup>13</sup> Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 155-155. mál

<sup>14</sup> United Nations, „Status of Treaties: Optional Protocol to the Convention on the Rights of the Child on a Communications Procedure“ (United Nations Treaty Collection) <[https://treaties.un.org/pages/ViewDetails.aspx?src=IND&mtdsq\\_no=IV-11-d&chapter=4&clang=\\_en](https://treaties.un.org/pages/ViewDetails.aspx?src=IND&mtdsq_no=IV-11-d&chapter=4&clang=_en)> skoðað 14. mars 2022

<sup>15</sup> Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 155-155. mál

<sup>16</sup> Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 103-102. mál

<sup>17</sup> Smith, R., „The Third Optional Protocol to the UN Convention on the Rights of the Child?: Challenges Arising Transforming the Rhetoric into Reality“ (2013) 21(3) The International Journal of Children's Rights 305 <<https://doi.org/10.1163/15718182-5680020>>, skoðað 12. apríl 2022

framkvæmd barnasáttmálans. Að auki fær nefndin upplýsingar með skýrslugjöf frjálsra félagasamtaka og mannréttindastofnana í viðkomandi ríki. Nefndin kallar síðan fulltrúa ríkja á fund og í kjölfarið gefur nefndin síðan út álit sitt á því hvernig ríkinu hefur tekist að koma ákvæðum barnasáttmálans og þeim réttindum sem hann kveður á um, í framkvæmd. Í svokölluðum lokatilmælum barnaréttarnefndarinnar til aðildarríkja er að finna ábendingar til aðildarríkja um nauðsynlegar úrbætur. Aðildarríkjum ber skylda til að birta skýrslur sínar og álit nefndarinnar opinberlega, til að stuðla að vitundarvakningu og þekkingaraukningu um tilvist og áhrif sáttmálans.<sup>18</sup>

Ísland hefur sent frá sér sex skýrslur til barnaréttarnefndarinnar, fyrsta skýrslan var gerð árið 1994, önnur skýrslan árið 2000, þriðja og fjórða skýrslan átta árum síðar og fimmta og sjötta skýrslan var loks gerð árið 2019. Í kjölfar síðustu skýrsluskila Íslands tilgreindi barnaréttarnefndin ákveðin álitæfni og krafðist svara við meðal annars því til hvaða aðgerða hafi verið gripið, vegna hrakandi andlegrar heilsu barna.<sup>19</sup> Umboðsmaður barna skilaði skýrslu til barnaréttarnefndarinnar árið 2020, með ábendingum um aðgerðir sem að mati umboðsmanns barna eru nauðsynlegar, og sem stjórnvöld verða að grípa til, sem miða að áframhaldandi innleiðingu barnasáttmálans. Ábendingar umboðsmanns snéru meðal annars að því að efla þurfi verulega þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku opinberra aðila, einnig var í skýrslunni bent á mikilvægi þess að við mótun stefnu og töku ákvarðana í málefnum barna verði ávallt byggt á vönduðum og áreiðanlegum tölfræðiupplýsingum og öðrum gögnum sem varpað geta ljósi á stöðu barna. Loks er í skýrslunni bent á að bæta þurfi aðgengi barna að heilbrigðisþjónustu og þá sérstaklega geðheilbrigðisþjónustu.<sup>20</sup> Níu frjáls félagasamtök skiluðu einnig viðbótarskýrslu til barnaréttarnefndarinnar þar sem settar eru fram ábendingar til stjórnvalda um nauðsynlegar úrbætur sem innleiðing barnasáttmálans kallar á. Eins og fram hefur komið hafa ekki allar skýrslur barnaréttarnefndarinnar til íslenska ríkisins verið þýddar á íslensku, en gerð er athugasemd varðandi það í áður nefndri skýrslu félagasamtakanna.<sup>21</sup> Þar er jafnframt fullyrt að 3. mgr. 3. gr. barnasáttmálans sé ekki fullnægt í framkvæmd í íslenski

---

<sup>18</sup> Umboðsmaður barna, „Barnaréttarnefndin“ (*Umboðsmaður barna*)  
<<https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnarettarnefndin/>>, skoðað 23. mars 2022

<sup>19</sup> sama heimild

<sup>20</sup> Umboðsmaður barna, „Skýrsla til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna“ (*Umboðsmaður barna*, 5. október 2020) < <https://www.barn.is/frettir/skyrsla-til-barnarettarnefndar-sameinudu-thjodanna> > skoðað 15. mars 2022

<sup>21</sup> Eva Bjarnadóttir, Margrét Steinarsdóttir og Þóra Jónsdóttir, „Viðbótarskýrsla við fimmtu og sjöttu skýrslu Íslands til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna 2020“ (Barnaheill, Heimili og skóli – landsamtök foreldra, Landssamtökin Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn á Íslandi, Samfés, Ungmennafélag Íslands, UNICEF á Íslandi og Öryrkjabandalagið 2020) 8  
<<https://www.barnaheill.is/static/files/Frettir/Frettir2020/vidbo-tarsky-rsla-til-barnare-ttarnefndar-i-slenska.pdf>> skoðað 2. apríl 2022

stjórnsýslu, þar sem engar verklagsreglur né leiðbeiningar séu til um það hvernig leggja skuli mat á það hvað barni sé fyrir bestu.<sup>22</sup>

2.3 Ákvæði barnasáttmálans sem sérstaklega eiga við um þennan hóp barna

Meginmarkmið barnasáttmálans er að tryggja öllum börnum grundvallarréttindi á fjölmörgum sviðum samfélagsins, en einnig var ætlunin að beina kastljósinu að tilteknum viðkvæmum hópum barna, sem jafnvel eiga sér fáa málsvara, og ekki eiga beinan aðgang að opinberri umræðu, til að krefjast réttinda sér til handa. Börn sem eiga foreldra sem eru að kljást við geðrænan vanda eru afar jaðarsettur og ósýnilegur hópur í íslensku samfélagi, en oft njóta þau börn ekki til fulls þess stuðnings sem á að felast í forsjá foreldris, þar sem foreldri getur verið tímabundið eða jafnvel alfarið ófært um að veita barni uppeldi, umönnun, stuðning og leiðsögn. Þá upplifa mörg börn fordóma og skilningsleysi vegna veikinda foreldris, framfærslu þeirra er jafnvel ekki sinnt fyllilega og þá þurfa mörg þeirra að sinna umönnun yngri systkina og axla meiri ábyrgð á heimilum sínum en jafnaldrar þeirra gera alla jafna. Það að þurfa að axla slíka ábyrgð sem barn, hefur jafnframt áhrif á möguleika þeirra til að njóta menntunar, tómstunda og félagslegra samskipta við jafnaldra. Meðal ákvæða barnasáttmálans eru þó nokkur sem með beinum hætti eiga við um þennan hóp barna.

Í síðustu lokatilmælum barnaréttarnefndar SP til íslenska ríkisins, beindi nefndin þeim tilmælum til íslenska ríkisins, að þróa heildstætt kerfi fyrir öflun, miðlun og greiningu gagna um börn, í því skyni að unnt sé að leggja mat á framfarir á sviði réttinda barna. Beindi nefndin þeim tilmælum til Íslands að tryggja að gögnin séu greind eftir m.a. aldri, kyni, búsetu og félags- og fjárhagslegri stöðu þeirra.<sup>23</sup> Ljóst er að lítið er enn vitað um aðstæður og líðan barna sem eiga foreldri með geðrænan vanda og að mikið verk er óunnið í því brýna verkefni að leiða í ljós raunverulega stöðu þessara barna, eins og barnasáttmálinn gerir kröfu um.

Barnaverndarstofa tekur saman tölfræði og gefur út skýrslur árlega um starfsemi barnaverndaryfirvalda á Íslandi. Í samanburðarskýrslu Barnaverndarstofu um tilkynningar árána 2019 - 2021 kemur fram að tilkynningar séu flokkaðar í fjóra flokka, þ.e. vanræksla á börnum, ofbeldi gegn börnum, áhættuhegðun barna og vegna ófæddis barns, en einnig er um fjölda undirflokka að ræða.<sup>24</sup> Nánari skoðun á þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslum Barnaverndarstofu, leiðir í ljós að ekki er að finna upplýsingar um afskipti barnaverndarnefnda

---

<sup>22</sup> sama heimild 11

<sup>23</sup> UNCHR, „Consideration of reports submitted by States parties under article 44 of the Convention“ (2012) UN Doc CRC/C/ISL/CO/3-4

<sup>24</sup> Barnaverndarstofa, „Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda á árunum 2019–2021“ (Barnaverndarstofa, 2022) 4 <<https://www.bvs.is/media/almennigur/Samanburdur-allt-arid-2019-2020-2021-tilkynningar-januar-2022.pdf>> skoðað 23. apríl 2022

af aðstæðum barna sem eiga foreldra með geðrænan vanda. Í ársskýrslu Barnaverndarstofu árið 2020 er fjallað um úrskurði og aðrar ákvarðanir barnaverndarnefnda en þær tölur gefa þó ekki til kynna stöðu tiltekinna hópa barna.<sup>25</sup> Börn foreldra í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu er skilgreindur hópur hjá barnaverndaryfirvöldum á sama hátt og börn sem misst hafa foreldri sitt. Hagstofan tekur saman þær tölur, árið 2021 misstu til dæmis 140 börn foreldri sitt.<sup>26</sup> Á árunum 2009-2020 voru 870 foreldrar sem önduðust, 289 þeirra foreldra létust vegna ytri orsaka, áverka og eitrona, en í flestum tilvikum er um að ræða sjálfsvíg og/eða vísvitandi sjálfsskaða.<sup>27</sup>

Fyrirliggjandi tölfræðiupplýsingar opinberra aðila gefa til kynna að nauðsyn beri til að afla sérstakra og frekari upplýsinga um þann hóp barna sem á foreldra með geðrænan vanda. Nýjustu tölur Hagstofunnar um fjölda einstaklinga sem leita til geðlæknis eru frá árinu 2017, eða 31.505 einstaklingar.<sup>28</sup> Á sama ári var notkun tauga- og geðlyfja um 401,8 á hverja 1000 íbúa sem gefur til kynna að töluverður hluti fólks sé að kljást við geðrænan vanda.<sup>29</sup> Samkvæmt ofangreindu er því fullt tilefni til þess að skoða nánar stöðu þeirra barna sem eiga foreldra sem glíma við geðrænan vanda, ljóst er að notkun tauga- og geðlyfja er mikil hér á landi auk þess sem fjöldi einstaklinga á ári hverju leitar til geðlæknis, sem gefur vísbindingar um að stór hópur barna komi þar við sögu en tryggja þarf þeim börnum viðeigandi stuðning og fræðslu um réttindi þeirra.

Í þessu samhengi má einnig nefna 3. gr. barnasáttmálans, sem kveður á um þá skyldu aðildarríkja að tryggja að börnum sé veitt sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, að teknu tilliti til réttinda og skyldna foreldra sem forsjá barns felur í sér. Þannig ber aðildarríkjum barnasáttmálans að meta hverju sinni hvað er barni fyrir bestu, út frá heildarmati á hagsmunum, þörfum og réttindum þeirra. Í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Íslands er að finna ákvæði sem sækir meðal annars fyrirmynd í 3. gr. barnasáttmálans. Um rétt barna til þátttöku er kveðið á um í 12. gr., en með þeirri grein er því slegið föstu að barn sé sjálfstæður einstaklingur með fullgild

---

<sup>25</sup> Barnaverndarstofa, „Tölulegar upplýsingar frá barnaverndarnefndum 2020“ (*Barnaverndarstofa*, janúar 2022) <<https://www.bvs.is/media/almennigur/Arskyrsla-bvn-2020.pdf>> skoðað 23. apríl 2022

<sup>26</sup> Hagstofa Íslands, „Fjöldi barna sem misstu foreldri 2009-2021“ (*Hagstofa Íslands*, 22. mars 2022) <[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Fjolskyldan/MAN08800.px/table/tableViewLayout1/?rxid=eb34832f-23e3-4cbd-a344-211abeecdcb9](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__fjolsk__Fjolskyldan/MAN08800.px/table/tableViewLayout1/?rxid=eb34832f-23e3-4cbd-a344-211abeecdcb9)> skoðað 18. apríl 2022

<sup>27</sup> Hagstofa Íslands, „Fjöldi foreldra sem andast eftir kyni, aldursflokkum og dánarorsök samtala árána 2009-2020“ (*Hagstofa Íslands*, 23. mars 2022) <[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Fjolskyldan/MAN08801.px/table/tableViewLayout1/?rxid=eb34832f-23e3-4cbd-a344-211abeecdcb9](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__fjolsk__Fjolskyldan/MAN08801.px/table/tableViewLayout1/?rxid=eb34832f-23e3-4cbd-a344-211abeecdcb9)> skoðað 18. apríl 2022

<sup>28</sup> Hagstofa Íslands, „Komur til sérgreinalækna eftir sérgreinum 1991-2017“ (*Hagstofa Íslands*) <[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_heilbrigdismal\\_\\_heilbrigdisthjonusta/HEI04312.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3a3ff596-3d33-482b-9aad-a473eb87d655](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__heilbrigdismal__heilbrigdisthjonusta/HEI04312.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3a3ff596-3d33-482b-9aad-a473eb87d655)> skoðað 18. mars 2022

<sup>29</sup> Hagstofa Íslands, „Notkun og söluverðmæti lyfja 1989-2018“ (*Hagstofa Íslands*) <[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_heilbrigdismal\\_\\_heilbrigdisthjonusta/HEI04400.px/table/tableViewLayout1/?rxid=42b3b284-1b07-4105-89cc-ed3824f9dd40](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__heilbrigdismal__heilbrigdisthjonusta/HEI04400.px/table/tableViewLayout1/?rxid=42b3b284-1b07-4105-89cc-ed3824f9dd40)> skoðað 18. mars 2022

mannréttindi og skoðanir sem ber að taka tillit til og virða. Barnaréttarnefndin hefur lagt áherslu á að börn séu réttahafar, sem eigi sjálfstæð réttindi, í því samhengi er þó ekki átt við að börn eigi fullan sjálfsákvörðunarrétt heldur eiga þau rétt á að fá að taka þátt í meðferð allra mála sem þau varða, eiga rétt á viðeigandi upplýsingum og eiga að fá tækifæri til að tjá sig og lýsa yfir eigin sjónarmiðum og óskum. Í 17. gr. er kveðið á um rétt barna til upplýsinga, en með greininni skuldbinda aðildarríki sig til þess að tryggja börnum aðgang að upplýsingum og efni sem meðal annars stuðlar að andlegri velferð barna. Börnum foreldra með geðsjúkdóm hefur ekki verið sinnt af geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi, en áætlað er að um 40% þeirra sem liggja inni hverju sinni á bráðageðdeildum Landspítalans séu foreldrar barna undir 18 ára.<sup>30</sup> Börn foreldra með geðsjúkdóm upplifa oftast en ekki fordóma, sem gerir það að verkum að þau jafnvel einangra sig og eiga þar af leiðandi erfiðara með að skilja veikindi foreldra sinna. Það er því afar mikilvægt að þessi hópur barna fái fræðslu um veikindi foreldra sinna, tilgang meðferðar og framtíðarhorfur foreldris, en tilfinnanlega skortir á viðeigandi og barnvænni fræðslu fyrir börn í þessum hópi.<sup>31</sup> Nýlega var stuðningsúrræði komið á laggirnar fyrir börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda af hálfu frjálsra félagasamtaka, en því er ætlað að bregðast við fyrirbyggjandi skorti á stuðningi og fræðslu fyrir börn í þeirri stöðu í íslensku samfélagi. Undir heitinu Okkar heimur er haldin úti vefsíða með fræðsluefni fyrir börn á mismunandi aldri um að vera barn foreldris með geðrænan vanda, meðal annars í samstarfi við geðþjónustu Landspítalans.<sup>32</sup>

Með 18. gr. barnasáttmálans er kveðið á um skyldu aðildarríkja til að veita foreldrum stuðning í foreldrahlutverki sínu ef við á. Það er frumskylda foreldra að sinna uppeldi barns og veita því leiðbeiningar, umönnun og öruggar uppeldisaðstæður, en ef foreldrar af einhverri ástæðu, eins og vegna veikinda, geta ekki sinnt þeirri skyldu, ber aðildarríkjum því að grípa til viðeigandi ráðstafana, til að styðja við foreldra og börn.

Í áður nefndri skýrslu frjálsra félagasamtaka á Íslandi til barnaréttarnefndarinnar eru gerðar athugasemdir við framkvæmd barnasáttmálans hvað varðar 18. gr., og kemur þar fram að þörf sé á markvissri kynningu á tilkynningarskyldu fagfólks og almennings og að auka verði við veitingu fjármagns sem og mönnun til að gera barnaverndaryfirvöldum kleift að sinna starfi sínu í þágu barna sem best.<sup>33</sup> Barnaverndarstofa tekur saman lykiltölur frá barnaverndarnefndum á hverju ári, í lykiltölum frá barnaverndarnefndum árið 2019 kemur fram að

---

<sup>30</sup> Kristín Rún Friðriksdóttir, Ragnheiður Halldórsdóttir, Eydís K. Sveinbjarnardóttir og Páll Biering, „Börn sem eiga foreldra með geðsjúkdóma“ (2012) 88(3) Tímarit hjúkrunarfræðinga 6

<sup>31</sup> sama heimild 9

<sup>32</sup> Okkar heimur, „Um okkur“ (*Okkar heimur*) <<https://www.okkarheimur.is/um-okkur/>> skoðað 24. apríl 2022

<sup>33</sup> sama heimild (nr. 21) 25

stuðningsúrræði án töku barns af heimili hafi verið beitt í 3.708 tilvikum, þar af voru til dæmis 1.343 barni og foreldrum leiðbeint, 692 fengu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu. Auk þess fengu 600 verðandi foreldrar aðstoð við að leita sér meðferðar en fjöldi fjölskyldna sem nýtur slíkra úrræða hefur farið fjölgandi síðustu ár, en til samanburðar má geta þess að árið 2015 voru úrræðin nýtt alls 2.998 sinnum.<sup>34</sup> Í 24. gr. er kveðið á um rétt barna til besta heilsufars sem unnt er að tryggja, sem felur jafnframt í sér að ekkert barn eigi að fara á mis við rétt sinn til að njóta nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu. Börn foreldra sem glíma við geðsjúkdóma eiga í aukinni hættu á því að þurfa sjálf að glíma við geðræna erfiðleika einhvern tímann á lífsleiðinni, því er afar mikilvægt að þessi hópur barna fái stuðning sem miðar að því að efla bjargráð þeirra og bæta framtíðarhorfur þeirra en þannig er hægt að stöðva flutning geðsjúkdóma og félagslegra erfiðleika milli kynslóða.<sup>35</sup> Í 31. gr. er kveðið á um rétt barna til leiks, hvíldar og frítíma, en þeirra réttinda eiga börn að njóta án mismununar eins og 2. gr. kveður á um. Í reynd er það þó ekki þannig, þar sem fjárhagserfiðleikar fjölskyldna eru oft fylgifyiskar viðvarandi veikinda foreldris, og því fá tilteknir hópar barna ekki notið sambærilegra tækifæra og jafnaldrar þeirra, til tómsunda, menningarlífs og lista.<sup>36</sup> Rannsóknir benda til þess að börn sem eiga foreldra með geðsjúkdóma séu einnig líkleg til þess að taka að sér hlutverk foreldris sem ekki getur staðið undir þeirri ábyrgð, þau börn þurfa oft á tíðum að sjá um heimilisverk og umönnun yngri systkina, sem jafnframt hefur áhrif á möguleika þeirra til að sinna eigin hugðarefnum og félagslegum samskiptum, en oft er það vegna þess að þau óttast um hag veika foreldrisins og vilja tryggja öryggi þess sem og systkina ef við á. Opinberir aðilar þurfa því að vera meðvitaðir um viðkvæma stöðu þessara barna og tryggja að tiltæk séu stuðningsúrræði sem taka sérstakt mið af aðstæðum þeirra.<sup>37</sup>

### 3. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Réttarvernd barna er víðtæk og birtist með fjölbreyttum hætti í íslenskri löggjöf. Sérákvæði sem varðar börn og réttindi þeirra er að finna í stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944,<sup>38</sup> en þar segir að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, nánar tiltekið í 3. mgr. 76. gr. stjkskr. Þetta ákvæði byggir á fyrirmynd 2. mgr. 3. gr. barnasáttmálans þar sem segir að aðildarríki skuldbindi sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð

---

<sup>34</sup> Barnaverndarstofa, „Lykiltölur Barnaverndarstofu 2019“ (*Barnaverndarstofa*, 2020)

<<https://www.bvs.is/media/samanburdarskyrslur-tolulegar-uppl/Lykiltolur-Barnaverndarstofu-2019.pdf>> skoðað 21. apríl 2022

<sup>35</sup> sama heimild (nr. 30)

<sup>36</sup> sama heimild (nr. 7) 57

<sup>37</sup> sama heimild (nr. 30)

<sup>38</sup> Hér eftir: stjkskr.



þeirra krefst, og ber því samkvæmt því að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnslu. Endurskoðun stjórnarskrár með tilkomu nýs ákvæðis sem kveður á um vernd og umönnun gefur réttindum barna töluvert meira vægi. Þá skal tekið fram að önnur stjórnarskrárvarin réttindi eiga við um börn á sama hátt og fullorðna, til að mynda réttur til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, sbr. 71. gr. og réttur til aðstoðar vegna veikinda eða annarra sambærilegra aðstæðna samkvæmt 76. gr. stjkskr.

#### 4. Þróun barnaréttar á Íslandi

Fyrsta heildstæða barnalöggjöfin tók gildi árið 1981 með lögum nr. 9/1981, en með setningu þeirra laga var tveimur mismunandi lagabálkum steipt saman, annars vegar lög nr. 57/1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna og hins vegar lög nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Með barnalögum nr. 9/1981 var meðal annars leitast við að draga úr mismunandi réttarstöðu skilgetinna og óskilgetinna barna, en fram að setningu laganna var staða þeirra að lögum afar mismunandi. Með setningu laganna urðu réttindi og hagsmunir barna rétthærri en hagsmunir foreldra eða annarra umönnunaraðila auk þess sem löggjöfin innleiddi hugtakið forsjá í stað fyrri hugtakanotkunar um forræði foreldra, til að leggja enn fremur áherslu á umönnunar- og verndarskyldur foreldra, í stað foreldravalds eins og eldri lög gerðu.<sup>39</sup>

Ný barnalög, nr. 20/1992, voru svo sett árið 1992, en með þeim var leitast við að útrýma alfarið þeim greinarmun sem hafði verið gerður á réttarstöðu skilgetinna og óskilgetinna barna. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að um tímabæra endurskoðun væri að ræða, enda hafði löggjöf á Norðurlöndunum á sviði barnaréttar tekið ýmsum breytingum auk þess sem ýmis viðhorf samfélagsins höfðu breyst, og var því talið tímabært að setja ný barnalög til samræmis við þá þróun. Meginreglan um það sem barni er fyrir bestu, sbr. 3. gr. barnasáttmálans, kemur fyrir í lögum nr. 20/1992, sem undirstöðusjónarmið barnalaga, eins og fram kemur í athugasemdum við greinargerð frumvarpsins. Við setningu laganna hafði barnasáttmállinn verið undirritaður af hálfu Íslands, en fram kemur í greinargerð frumvarpsins að ákvæði hans hafi verið höfð til hliðsjónar, og markmið laganna hafi verið að samræma ákvæði íslenskra barnalaga við ákvæði barnasáttmálans.<sup>40</sup>

Tekin var ákvörðun um endurskoðun barnalaga árið 1999, þeirri vinnu lauk árið 2002, með setningu nýrra barnalaga nr. 76/2003, sem enn eru í gildi. Nýju barnalögin voru samin með það að markmiði að sem flestir gætu tileinkað sér þau, þar með var heildaruppbyggingu og kaflaskiptingu laganna breytt til að auka skýrleika þeirra og gera þau aðgengilegri. Þær

---

<sup>39</sup> Þyri Halla Steingrímsdóttir, „Það sem barninu er fyrir bestu“ (2004) 57(2) Úlfljótur, tímarit laganema 173, 175

<sup>40</sup> sama heimild 176

alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hafði þegar gengist undir voru einnig hafðar til hliðsjónar og þá voru nýju barnalögin mun ítarlegri en þau eldri. Nýmæli barnalaga nr. 76/2003 voru fjölmörg, og snéru þau að miklu leyti að forsjá barna og faðernismálum, en einnig voru þær breytingar gerðar að í lögin komu ný ákvæði um almennan rétt barna til að tjá sig í málum á grundvelli laganna, í samræmi við aldur og þroska, sbr. 43. gr., eins og barnasáttmálinn kveður á um. Í lögin voru einnig sett ítarleg ákvæði um vernd barna gegn ofbeldi þar sem sú skylda var lögð á herðar forsjárforeldra að vernda barn gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi, sbr. 2. mgr. 28. gr. þeirra laga.<sup>41</sup> Síðan barnalög nr. 76/2003 tóku gildi hafa ýmsar breytingar verið gerðar, þar má nefna samþykkt breytingarlaga nr. 61/2012 og nr. 144/2012, en með þeim voru umtalsverðar breytingar gerðar á barnalögum, þau lög tóku gildi 1. janúar 2013, eða um það leyti sem barnasáttmálinn var lögfestur hér á landi, breytingarnar lutu að miklu leyti að ákvæðum laganna um forsjá og umgengni en einnig var skerpt á réttindum barna. Nýjum kafla var bætt við lögin með grein sem tekur mið af barnasáttmálanum þar sem kveðið er á um rétt barns til að lifa, þroskast og njóta verndar og umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska án mismununar af nokkru tagi, en í þeirri grein endurspegladist ákvæði m.a. 6. gr. barnasáttmálans. Í 2. mgr. 1. gr. barnalaga er kveðið á um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess og í 3. mgr. er kveðið á um að barn eigi rétt á því að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varðar og einnig að taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska, en umrædd ákvæði byggja á 3. og 12. gr. barnasáttmálans.<sup>42</sup>

## 5. Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda

Eins og áður hefur komið fram, leggur barnasáttmálinn áherslu á að börn séu rétthafar sem eigi sjálfstæð réttindi óháð réttindum foreldra þeirra, þannig að litið er svo á að hagsmunir barna og foreldra fari ekki alltaf saman. Þá er það einnig þannig að aðstæður og staða foreldra geti verið með þeim hætti, að barn eigi rétt á sérstökum stuðningi, jafnvel þó svo að skilyrði barnaverndarlaga til inngripa í líf barns og fjölskyldna, séu ekki uppfyllt. Þetta sjónarmið kemur sérstaklega til álita í málum barna sem eiga foreldri sem glímur við alvarleg veikindi af ýmsum toga, eins og t.d. geðræn veikindi sem í mörgum tilvikum gerir foreldrum erfitt eða jafnvel ókleift að sinna uppeldisskyldum sínum og að axla verndar- og umönnunarábyrgð gagnvart barni. Málefni og réttindi barna í þessari stöðu hafa verið í brennidepli í

<sup>41</sup> Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Nýmæli í barnalöggjöf“ (2004) 1 Tímarit Lögréttu 37, 38

<sup>42</sup> Alþt. 2011-2012, A-deild, þskj. 1449-290. mál

nágrannalöndum Íslands, en öðru máli gegnir um opinbera umræðu sem og aðgerðir stjórnvalda á Íslandi, en þar hefur lítið verið fjallað um aðstæður, réttindi og hagsmuni þessara barna.

Árið 2019 voru gerðar breytingar á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda með samþykkt laga nr. 50/2019. Frumvarpið hafði áður verið lagt fram á 148. Löggjafarþingi en hlaut ekki atkvæðagreiðslu og var því lagt fram á ný á 149. löggjafarþingi þar sem það hlaut samþykki. Í greinargerð með frumvarpinu er gerð grein fyrir framlagningu þess og hvers vegna þörf var talin á þeim breytingum sem þar voru lagðar til. Þar er vísað í lögfestingu barnasáttmálans, 8. gr. hans og skyldu aðildarríkja sáttmálans til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, þar með talið fjölskyldutengslum. Í greinargerðinni er jafnframt vísað í rannsókn á þessu sviði sem sýndi fram á að börnum í þessari stöðu eru ekki veittar fullnægjandi upplýsingar né nauðsynlegan stuðning hvort sem er í skóla-, félags- eða heilbrigðisþjónustu. Leiddi rannsóknin í ljós að í veikindum foreldra eru þarfir barna ekki uppfylltar, heldur eru þau iðulega afskipt og þurfa jafnframt að þola ónægjandi viðhorf fagfólks sem byggir á þekkingarleysi á aðstæðum barna í þessari stöðu.<sup>43</sup>

Með frumvarpinu var því ætlunin að bregðast við þessari stöðu með því að tryggja að komið verði á verkferlum sem fara á eftir þegar börn lenda í þessari stöðu, þannig að þau séu ávallt upplýst um lagalega- og félagslega stöðu sína og fái auk þess þá þjónustu og þann stuðning sem þörf er á og sem börn eiga rétt á. Þar með var ætlunin að feta í fótspor nágrannalöndanna, sem mörg hver hafa sett sérstök ákvæði í viðeigandi löggjöf um þarfir, réttindi og hagsmuni barna sem aðstandendur, með það að markmiði að tryggja börnum sjálfstæðan rétt til stuðnings, ráðgjafar og jafnframt umgengni við báða foreldra í þeim aðstæðum. Hér má sem dæmi nefna að í Noregi hefur verið lögfest ákvæði um rétt barna sem aðstandenda, annars vegar í lögum um heilbrigðisstarfsmenn þar sem lögð er sú skylda á heilbrigðisstarfsmenn að tryggja þennan rétt, og hins vegar í lögum um sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem kveðið er á um skyldu sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu til að vera með starfsmann innan sinna raða sem ber sérstaka ábyrgð á því að rétti barna sem aðstandanda sé framfylgt.<sup>44</sup>

Með samþykkt laganna voru gerðar tilteknar breytingar á barnalögum, nánar tiltekið á 46. gr. a., þar sem nú er kveðið á um umgengni við nákomna ef foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar eða ef umgengni barns við foreldri er af einhverjum ástæðum verulega takmörkuð. Á eftir 46. gr. a. kom ný grein, 46. gr. b. sem kveður á um umgengni barna við

<sup>43</sup> Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 273-255. mál

<sup>44</sup> sama heimild

aðra þegar annað foreldra barns er látið eða bæði. Með breytingu þessari var mikilvægt skref stigið varðandi réttindi barna sem ekki njóta fullrar umgengni við foreldri, sem ekki er fært um að rækja skyldur sínar gagnvart barni. Fyrir breytinguna var einungis fjallað í 46. gr. a. um börn sem misst höfðu foreldri sitt. Um rétt barns til umgengni við nána vandamenn látins foreldris er síðan fjallað í sérstakri lagagrein, þar sem réttur barns til að viðhalda tengslum og þekkja uppruna sinn er áréttaður. Skýringar á áðurnefndum breytingum í greinargerð frumvarpsins eru misjafnlega víðtækar. Umfjöllun um 46. gr. a. felur eingöngu í sér endurtekningu á orðalagi lagaákvæðisins en í umfjöllun greinargerðarinnar um 46. gr. b. er ítarlega fjallað um mikilvægi þess að rætt sé við þau börn sem ákvæðið tekur til, fram kemur að samráð skuli haft við barn eftir því sem aldur og þroski gefur tilefni til, kveðið er á um mikilvægi þess að barninu sé veitt nauðsynleg ráðgjöf um lagaleg réttindi sín og það áréttað að kanna beri tengsl barns við nána vandamenn eða aðra nákomna.<sup>45</sup> Álykta má af skýringum greinargerðarinnar og lagaákvæðanna sjálfra að réttur barns sem misst hefur foreldri vegna andláts sé talinn meiri en barns sem á foreldri sem ekki hefur tök á að uppfylla skyldur sínar sem foreldri, t.a.m. vegna veikinda.

Frumvarpið kallaði jafnframt á breytingar á lögum um leikskóla, nr. 90/2008, lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 og lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Í öllum tilvikum var nýrri grein bætt við ásamt fyrirsögninni „Stuðningur við nemendur sem eiga langveikt eða deyjandi foreldri.“<sup>46</sup> Ekki er fjallað nánar um það í greinargerð frumvarpsins hvað átt er við þegar kveðið er á um langveikt foreldri en það hugtak er ekki skilgreint sérstaklega í lögnum eða lögskýringargögnum. Því er ekki fjallað berum orðum um það hvort átt sé meðal annars við um þann hóp barna sem eiga foreldra með geðrænan vanda sem er bagalegt að mati höfundar, enda full ástæða til þess að löggjafinn árétti sérstaklega að langveikt foreldri samkvæmt skilgreiningu laganna, geti verið haldið andlegum veikindum jafnt sem líkamlegum.

Þær breytingar sem í frumvarpinu fólust kölluðu jafnframt á tilkomu nýs ákvæðis í lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, nánar tiltekið 27. gr. a., en hún kveður á um skyldur heilbrigðisstarfsmanna gagnvart börnum, sem leiða af nýrri réttarstöðu þeirra sem aðstandendur. Með greininni er börnum veittur réttur til viðeigandi ráðgjafar og stuðnings sem aðstandendur foreldris sem glímir við alvarleg veikindi og kveðið er á um að taka beri réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Með frumvarpinu voru einnig lagðar til breytingar á öðrum lögum, til að mynda var lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 breytt

<sup>45</sup> Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 273-255. mál, III. kafli

<sup>46</sup> Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 1691-255. mál

með tilkomu nýrrar málsgreinar, þar sem kveðið er á um að heilbrigðisstarfsmaður skuli huga sérstaklega að rétti og stöðu barna sem aðstandanda.

Í hinni nýju málsgrein laga um réttindi sjúklunga, 1. másl. 2. mgr. 27. gr. a. er nú kveðið á um þá skyldu heilbrigðisstarfsmanns að kanna hvort sjúklingur með geð-, fíkn eða illvíga líkamlega sjúkdóma eigi barn undir lögaldri. Ef svo er, ber heilbrigðisstarfsmanni skylda til að ræða við sjúklinginn um rétt og stöðu barnsins. Með lagaákvæðinu er heilbrigðisstarfsfólki einnig gert kleift að hefja samvinnu við skóla barns í samráði við heilsugæslu, félagsmálanefnd viðkomandi sveitarfélags og foreldri eða forsjáraðila. Heilbrigðisstarfsmaður, í samráði við heilsugæslu barnsins, getur síðan boðið því og þeim sem annast barnið í veikindum foreldris samtal, og er það gert að gættri trúnaðar- og þagnarskyldu. Samtal við barn, samkvæmt 3. mgr. 27. gr. a. á að vera í samræmi við aldur og þroska barnsins, og veita á barni upplýsingar, leiðbeiningar og aðstoð auk þess sem kveðið er á um eftirfylgni. Barn á jafnframt rétt á að fá aðgang að viðeigandi úrræðum og að því sé gerð grein fyrir lagalegri stöðu sinni, en með því er meðal annars átt við rétt barns til umgengni samkvæmt barnalögum við nána vandamenn þess foreldris sem glímir við veikindin, auk upplýsinga um þau félagslegu úrræði sem til staðar eru fyrir barnið. Markmið breytinganna er að tryggja ákveðna eftirfylgni með aðstæðum barna og samvinnu ýmissa aðila þar að lútandi. Gert er ráð fyrir í greinargerð frumvarpsins að ráðherra skuli útfæra þá framkvæmd nánar í reglugerð, til að mynda til hvaða sjónarmiða heilbrigðisstarfsmaður skuli horfa til þegar lagt er mat á það hversu mikla eftirfylgni barn þarf og hversu lengi hennar er þörf, sú reglugerð hefur þó ekki verið sett.<sup>47</sup>

Hagstofa Íslands safnar og miðlar fjölbreyttum tölfræðiupplýsingum á hverju ári um íslenska samfélagsgerð. Meðal þeirra upplýsinga eru tölur um fjölda fólks með langvarandi veikindi og/eða heilsufarslegar takmarkanir í daglegu lífi. Í skýringum Hagstofunnar sem fylgja þeim upplýsingum segir að með langvarandi veikindum sé átt við veikindi sem hafa varað eða reiknað er með að muni vara í 6 mánuði eða lengur, og má álykta að þar undir falli einnig geðræn veikindi. Það vekur jafnframt athygli höfundar að ekki séu teknar saman tölur um það hversu stór hópur barna býr að baki þessum tölum og sem eiga þ.a.l. langveika foreldra. Að mati höfundar væri fullt tilefni fyrir löggjafann að skilgreina þennan hóp barna með beinum hætti eins og gert er með þann hóp barna sem missir foreldri, í þeim tilgangi að beina kastljósinu enn frekar að stöðu þeirra.

Þessar breytingar eru skref í rétta átt, það er þó mikilvægt að breytingunum sé fylgt eftir og að til staðar séu skýrir verkferlar um framkvæmdina sem virðist ekki vera í miklum forgangi

---

<sup>47</sup> Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 273-255. mál

enda eru þrjú ár síðan breytingin var gerð og enn hefur framkvæmdin ekki verið nánar útfærð af ráðherra í formi reglugerðar. Ljóst er að með þessum breytingum þarf að tryggja heilbrigðisstarfsmönnum svigrúm til að geta sinnt þeim skyldum sem ákvæðið leggur á herðar þeim. Fullt tilefni er til þess eins og kveðið er á um í lögnum, að veita börnum foreldra með geðræn vandamál, fræðslu um sjúkdóminn og/eða þau veikindi sem foreldri þeirra glímir við. Brýnt er að grípa til viðeigandi ráðstafana, til þess að valdefla og styrkja þennan hóp barna, ekki síst þegar sú staða er uppi að foreldri þarf að leggjast inn á sjúkrastofnun enda sýna rannsóknir að mestu erfiðleikarnir steðja að þessum hópi barna í slíkum aðstæðum, og um leið eykst þörf þeirra fyrir stuðning og upplýsingar.<sup>48</sup>

## 6. Barnaverndarlöggjöf

Fyrstu heildarlög um barnavernd á Íslandi voru sett árið 1932, með lögum nr. 43/1932, og í þeim var grundvöllur lagður að núverandi skipulagi barnaverndarmála. Lögin voru síðan endurskoðuð með samþykkt laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna, og árið 1966 voru ný lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 samþykkt, eftir að ráðist hafði verið í endurskoðun á barnaverndarlöggjöfinni. Með lögum nr. 58/1992 voru ýmsar breytingar gerðar á barnaverndarlöggjöfinni, til að mynda með nýju ákvæði um rétt barna til að tjá sig við meðferð mála auk ákvæða sem fólu í sér ýmsar breytingar á skipulagi barnaverndarmála. Það var síðan með breytingarlögum nr. 22/1995 sem Barnaverndarstofa var stofnuð.<sup>49</sup> Núgildandi barnaverndarlög nr. 80/2002, tóku gildi 1. júní 2002 en hafa tekið þó nokkrum breytingum síðan. Meðal nýlegra breytinga má nefna stofnun Barna- og fjölskyldustofu sem var komið á fót með lögum nr. 87/2021 og tók við af Barnaverndarstofu en umrædd breyting er liður í umfangsmiklum breytingum á barnaverndarstarfi og löggjöf og umgjörð utan um starfsemi barnaverndaryfirvalda.<sup>50</sup>

Í 1. gr. barnaverndarlaganna er kveðið á um réttindi barna og skyldur foreldra, 1. mgr. kveður á um að börn eigi rétt á vernd og umönnun og skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Í 2. mgr. 1. gr. er kveðið á um að allir sem hafi uppeldi og umönnun barna í höndum sínum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju, óheimilt með öllu sé að beita börn ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi, foreldrum beri að sýna börnum sínum umhyggju og nærgætni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Samkvæmt ákvæðinu ber foreldrum jafnframt að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Meginsjónarmið barnaverndar-

<sup>48</sup> sama heimild (nr. 30)

<sup>49</sup> sama heimild (nr. 39) 177

<sup>50</sup> Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 441-355. mál

lögjafarinnar er að standa eigi vörð um hagsmuni og réttindi barna og tryggja að það sem barni er fyrir bestu sé ávallt haft að leiðarljósi, en í ákvæðinu endurspeglast sú meginregla barnasáttmálans sem er að finna í 3. gr. hans. Um markmið laganna er kveðið á um í 2. gr., þar sem segir að tryggja eigi að börn sem búi við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofni heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Enn fremur kemur fram að leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar en að beita eigi úrræðum til verndar einstaka börnum þegar það á við.<sup>51</sup> Mikilvægt er að foreldrar sem af einhverri ástæðu ná ekki að búa barni sínu viðunandi aðstæður, fái til þess viðeigandi stuðning sem á að taka mið af færni foreldrisins og þörfum barnsins.

Nýmæli laga nr. 80/2002 voru þó nokkur, kveðið var á um stöðu barns sem aðili barnaverndarmáls, hafi það náð 15 ára aldri, en með því var verið að bæta réttarstöðu barna og tryggja þeim réttindi sem aðild felur í sér. Með þessum breytingum fékk barn sem náð hefur 15 ára aldri óskorðaðan rétt til að tjá sig um mál með sama hætti og foreldrar þess og sjálfstæðan rétt á því að fá afhent gögn í eigin máli.<sup>52</sup> Um tilkynningarskyldu fagfólks og almennings gagnvart barnaverndaryfirvöldum er fjallað í 16. – 20. gr. laganna. Í 16. gr. er kveðið á um tilkynningarskyldu almennings, en þar kemur fram að öllum sé skylt að tilkynna til barnaverndarþjónustu, ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn sem búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Í 17. gr. er lögð sérstök skylda á þá sem hafa afskipti af börnum vegna stöðu sinnar eða starfa, meðal annars heilbrigðisstarfsfólki og starfsfólki menntastofnana. Í greinargerð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 80/2002, kemur fram að leggja verði áherslu á það að barnaverndarnefndir séu í raun eina stjórnvaldið sem hefur lögbundnar og víðtækar heimildir til afskipta af einkamálefnum barna og fjölskyldna, auk þess að búa yfir ýmsum stuðningsúrræðum þeim til handa. Því sé það nauðsynlegt að barnaverndarnefnd geti átt frumkvæði að því að eiga samstarf við aðra aðila þar sem það á við, enda búi barnaverndarnefnd yfir heildarsýn á stöðu barna. Í greinargerðinni er fjallað um ákvæði 2. mgr. 20. gr., og mikilvægi þess áréttað, að sjúkrastofnunum, þar með talið geðdeildum beri að taka sérstakt tillit til hagsmuna barna, við töku ákvarðana um meðferð og innlögn foreldra. Þá er sérstaklega áréttað að læknar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við barnaverndarnefndir svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúrræðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldris og á það bent

---

<sup>51</sup> Alþt. 2001-2002, A-deild, þskj. 403-318. mál, almennar athugasemdir

<sup>52</sup> Alþt. 2001-2002, A-deild, þskj. 403-318. mál

að samstarf á þessu sviði geti til dæmis falið í sér að sjúkrastofnanir tilkynni til barnaverndarnefndar um innlögð á geðdeild til meðferðar, ef ástæða er til að ætla að börnin þurfi á aðstoð að halda. Í kjölfarið geti barnaverndarnefndir, ef við á, leitað upplýsinga um lengd fyrirhugaðar dvalar og batahorfur foreldris.<sup>53</sup>

Af framangreindu má álykta að löggjafinn telji mikilvægt að hugað sé sérstaklega að börnum foreldra með geðrænan vanda. Börnum foreldra sem leggjast inn á sjúkrastofnun, þar með talið geðdeild er því tryggður stuðningur, sá stuðningur er þó háður því að starfsmenn sjúkrastofnana tilkynni innlögnina til barnaverndarnefndar eins og lögin gera ráð fyrir og leggi réttmætt mat á þörf barns fyrir stuðning. Þannig er gerð krafa um að heilbrigðisstarfsmaður sem veitir foreldri heilbrigðisþjónustu, hafi víðtækari sýn, og líti jafnframt á barnið sem skjólstaðing sinn, og veiti aðstæðum þeirra athygli og virði þannig tilkynningarskyldu til barnaverndar. En betur má ef duga skal, þar sem ljóst er að foreldri getur í lengri tíma verið að kljást við geðræn veikindi sem eru til þess fallin að hafa mikil áhrif á líf, líðan og hagi barns, löngu áður en til innlagnar á sjúkrastofnun kemur. Hvergi í barnaverndarlögum er kveðið með beinum hætti á um stuðning til handa barna foreldra með geðræna sjúkdóma sem ekki hafa verið lögð inn á sjúkrastofnanir, þó svo að almenn ákvæði barnaverndaryfirvalda gagnvart börnum, eigi að sjálfsögðu við fullum fetum um þennan hóp barna. Til þess að tilkynningarskyldan sé virt, þarf einhver að gera sér grein fyrir aðstæðum barna sem eru aðstoðar þurfi, og grípa til virkra ráðstafana til að tryggja að hún sé veitt. Samkvæmt lykiltölum Barnaverndarstofu árið 2019 voru tilkynnendur, aðrir en opinberir aðilar ekki nema tæplega 26% tilkynnenda en tilkynningum hefur verið að fjölga sem er jákvæð þróun, en þó ber að líta til þess að fjölgunin getur verið til marks um aukna meðvitund um aðstæður barna og tilkynningarskylduna, en getur einnig verið vísbending um að fleiri börn búi við óviðunandi aðstæður. Frá árinu 2015 til 2019 fjölgaði tilkynningum frá opinberum aðilum<sup>54</sup> sem gefur til kynna að tilkynningarskyldan sé að fá aukinn hljómgrunn. Ljóst er þó að stuðningurinn þyrfti að vera mun víðtækari við þennan hóp barna, og að taka ætti til skoðunar að ávarpa enn frekar viðkvæma stöðu þeirra með beinum hætti í barnaverndarlögum, til að gera þennan hóp sýnilegri og minna á viðkvæma stöðu þeirra. Þá er einnig ljóst að efla þarf menntun, þekkingu og meðvitund allra þeirra fagstétta sem vinna með börnum, um málefni barna sem eiga foreldra með geðræn vandamál og þörf þeirra fyrir upplýsingar um eigin réttindi og stuðning.

---

<sup>53</sup> Alþt. 2001-2002, A-deild, þskj. 403-318. mál, um 20. gr.

<sup>54</sup> sama heimild (nr. 34)



## 7. Lög um umboðsmann barna

Lög nr. 83/1994 um umboðsmann barna tóku gildi 1995 en með þeim var embætti umboðsmanns barna stofnað. Hlutverk umboðsmanns barna er að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Í 3. gr. laganna er kveðið á um það hlutverk umboðsmanns barna að afla og miðla gögnum og upplýsingum um aðstæður barna og stöðu tiltekinna hópa barna hverju sinni í samvinnu við ýmsa aðila, en um er að ræða breytingu sem kom inn í lögin um umboðsmann barna árið 2019, með samþykkt breytingarlaga nr. 148/2018. Fram kemur í 3. gr. að umrædd gögn skulu lögð til grundvallar samræmdri og markvissri stefnu í málefnum barna á öllum stigum stjórnsýslunnar í samræmi við ákvæði barnasáttmálans. Að mati höfundar er fullt tilefni til að umrædd heimild verði nýtt til að fjalla um stöðu barna sem eru aðstandendur foreldra með geðrænan vanda, í þeim tilgangi að varpa frekari ljósi á aðstæður þeirra, koma sjónarmiðum þeirra og reynslu á framfæri og í opinbera umræðu, og til að knýja á um breytingar sem miða að því að bæta stöðu þeirra og efla stuðningsúrræði fyrir þennan hóp barna.

Umboðsmaður barna gegnir lykilhlutverki í eftirliti með framkvæmd barnasáttmálans, en samkvæmt lögum um umboðsmann barna ber embættinu jafnframt að fylgjast með þróun og túlkun hans, að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna og koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda er varða börn, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 83/1994.<sup>55</sup>

## 8. Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, svokölluð farsældarlög, tóku gildi 1. janúar 2022 eftir að hafa verið lögð fram á 151. löggjafarþingi og hlotið einróma samþykki. Lögunum er ætlað að stuðla að farsæld barna með það að meginmarkmiði að börn og foreldrar hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana þegar þess gerist þörf.<sup>56</sup>

Í 2. mgr. 1. gr. laganna er kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli réttindi barna tryggð í samræmi við meðal annars barnasáttmálann. Markmið laganna er einkum að fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu, bregðast við þeirri þörf með skilvirkum hætti í samræmi við áherslu laganna á samfellda og samþætta þjónustu.

Í farsældarlögunum er staða barna sem eiga foreldri með geðrænan vanda ekki ávörpuð með beinum hætti, þó svo að ljóst sé að sá hópur barna falla undir skilgreiningu laganna á börnum sem hafa þörf fyrir snemmtækan stuðning frá ýmsum þjónustuveitendum. Fullt tilefni

---

<sup>55</sup> sama heimild (nr. 20)

<sup>56</sup> Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 1779-731. mál

er til þess að skilgreina sérstaklega þann hóp barna foreldra þegar framkvæmd laganna verður nánar útfærð. Lögð er áhersla í lögnum á að þjónustan sé unnin í samráði við alla þá þjónustuveitendur sem þurfa að koma að máli þar sem þverfagleg þekking og gagnkvæm fræðsla er veitt. Innan teymis hvers barns og foreldri er tengiliður og málstjóri, sem halda utan um málið með því meðal annars að sjá um upplýsingagjöf, veita ráðgjöf, tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns auk þess að skipuleggja og gera áætlanir um meðferð máls.

Lög þessi eru mikilvæg skref í þá átt að tryggja réttindi barna, það er ekki síst mikilvæg þróun sem í lögnum felst, að mismunandi stofnanir og kerfi geti miðlað upplýsingum sín á milli, og átt í samráði án hindrana. Lögin geta veitt börnum foreldra með geðrænan vanda stuðning á mismunandi stöðum í nærumhverfi þeirra, það skiptir ekki síst máli þar sem foreldrar þessara barna eru oft ekki tilbúnir að ræða eigin veikindi, bæði getur það verið sársaukafullt og foreldrar óttast jafnvel fordóma annarra, þ.m.t. fagfólks, og einnig vilja foreldrar í þessari stöðu hlífa börnum sínum.<sup>57</sup> Þannig ættu úrræði þau sem og réttindin sem kveðið er á um í lögnum, að geta leitt til þess að bæði barn fái ráðgjöf og stuðning, en einnig að á fyrri stigum veikinda, fái foreldrar aðstoð við að ræða eigin veikindi, og þörf fjölskyldunnar fyrir stuðning. Þannig mætti leiða að því líkur að færri börn þurfi að búa við veikindi foreldra í lengri tíma, án þess að njóta stuðnings, en þannig er mögulega hægt að koma í veg fyrir að langvarandi álag og streita á heimilum í þessari stöðu, hafi neikvæð áhrif á heilsu og líðan barna. Ber þó til þess að líta sérstaklega, að lögin gera ráð fyrir því að tengilið og/eða málstjóra sé ekki heimilt að byrja að veita þjónustu fyrr en beiðni foreldra og/eða barns um samþætta þjónustu liggur fyrir, og því er þetta úrræði einungis fyrir þær fjölskyldur sem veita samþykki sitt fyrir því, enda er grundvöllur þjónustunnar samstarf milli mismunandi aðila og því mikilvægt að barn og foreldrar séu sömuleiðis tilbúin í það samstarf.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram, að meðal tilefna lagasetningarinnar hafi verið skýrsla starfshóps um geðrækt frá árinu 2019 en í þeirri skýrslu er fjallað um mikilvægi þess að fyrir hendi sé þrepaskiptur stuðningur auk þess að til staðar sé sívirkt og snemmtækt úrræði til að mæta þörfum barna, með samstarfi allra stofnanna sem koma að málefnum barna. Þar er geðheilbrigðisþjónusta sérstaklega talin upp og mikilvægi þess að unnt sé að gera heildræna áætlun fyrir barn, um það hvernig mismunandi þjónustukerfi geti unnið saman að því að bæta stöðu barna og fjölskyldna þeirra. Í frumvarpinu er einnig greint frá því að sambærilegt fyrirkomulag nágrannaþjóða hafi verið skoðað, þar væri t.a.m. mælt fyrir um

---

<sup>57</sup> sama heimild (nr. 30)

samvinnu þjónustuveitenda í ýmsum lögum um einstaka þjónustupætti og bent á að hér á landi væri þörf fyrir heildrænni sýn á málefni barna og fjölskyldna þeirra. Með innleiðingu laganna er markmiðið að vinna á virkan hátt að því að ákvæði barnasáttmálans komi til framkvæmda, þar er meðal annars vísað til rétt barna til lífs og þroska, til að láta skoðanir sínar í ljós auk þess sem bann sáttmálans við mismunun er áréttað. Lögunum er einnig ætlað að stuðla að því að jafnvægi ríki á milli sjálfstæðra réttinda barna, ábyrgðar foreldra og skyldu ríkisvaldsins til að grípa til aðgerða, þar sem þeirra er þörf. Lögð var áhersla á það í frumvarpinu að grípa eigi til aðferða sem miða að því að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu.<sup>58</sup> Öll þessi ákvæði barnasáttmálans og áhersluatriði laganna eiga sérstaklega vel við um þann hóp barna foreldra sem glíma við geðrænan vanda, en þar sem innleiðing laganna að fullu mun taka að minnsta kosti fjögur ár, er það von höfundar að umræddar áherslur, verði til þess að beina athyglinni að þessum hópi barna og foreldra og að þau fái notið nauðsynlegrar þjónustu, innan ramma laganna.

## 9. Aðgerðir íslenska ríkisins

### 9.1 Stefnu- og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum

Árið 2016 var fjögurra ára stefnu- og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum samþykkt á Alþingi. Þar er tiltekið að undirmarkmið geðheilbrigðisstefnunnar sé að þjónusta við einstaklinga með geðraskanir sé samþætt og samfelld, að uppeldisskilyrði barna stuðli að vellíðan þeirra og að fólki verði ekki mismunað á grundvelli geðheilsu sinnar. Samkvæmt aðgerðaáætluninni er ætlunin að beina geðrækt og forvörnum sérstaklega að börnum auk þess sem áhersla verði lögð á samþættingu þjónustu við fólk með geðheilsuvanda og fjölskyldur þeirra. Í kafla A.5 aðgerðaáætlunnarinnar er kveðið á um innleiðingu verkefnisins „Tölum um börnin“/Fjölskyldubrúin innan velferðarþjónustu á tímabilinu 2016-2018 og að árið 2018 skuli Fjölskyldubrúin hafa verið inleidd á 70% heilsugæslustöðva.<sup>59</sup> Markmiðið með verkefninu Fjölskyldubrúin, er að draga úr þeirri hættu á að geðsjúkdómar flytjist á milli kynslóða en börn foreldra með geðsjúkdóm eru í áhættuhópi gagnvart því að fá geðræna sjúkdóma einhvern tímann á lífsleiðinni. Með hliðsjón af því markmiði, á að veita fræðslu og stuðning við börn foreldra með geðraskanir.<sup>60</sup> Fjölskyldubrúin á meðal annars að þjóna þeim tilgangi að styrkja fjölskyldur í að takast á við geðrænan vanda, þar sem lögð er áhersla á að börn fái útskýringar beint frá foreldrum sínum um geðrænan vanda þeirra, og að þau myndu tjá sig um líðan sína

<sup>58</sup> Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 440-354. mál

<sup>59</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1217-338. mál

<sup>60</sup> Valgeir Örn Ragnarsson, „Börn fólks með geðsjúkdóma þurfa stuðning“ RÚV (Reykjavík, 4. júní 2019) <<https://www.ruv.is/frett/born-folks-med-geðsjukdoma-thurfa-stuðning>> skoðað 19. mars 2022

og áhrif veikinda foreldris, við foreldrið. Verkefnið var þróað á krabbameinsdeild LSH<sup>61</sup> en hefur þó ekki enn verið innleidd á geðdeild LSH en fagaðilar á geðsviði LSH hafa þó kallað eftir því.<sup>62</sup> „Enn sem komið er þá eiga þessi börn ekki nægan hljómgrunn í íslensku velferðarkerfi. Þau fá ekki viðeigandi stuðning þar sem þeim er ekki veitt sérstök eftirtekt - þrátt fyrir að vitneskja um áhættuþætti þeirra sé til staðar og viðurkenndar stuðningsleiðir séu þekktar.“<sup>63</sup> Ljóst er samkvæmt framangreindu að vitundarvakning hefur átt sér stað meðal fagfólks og kallað er eftir aðgerðum í því skyni að bæta stöðu þessa barna. Þrátt fyrir það ákall virðist lítið hafa verið um viðbrögð eða aðgerðir.

Árið 2019 var þingsályktun um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 samþykkt og var henni ætlað að vera leiðarvísir að uppbyggingu á heildstæðu, öfluglu og betra heilbrigðiskerfi til framtíðar. Með heilbrigðisstefnunni er leitast við að tryggja að fólki sé ekki mismunað á grundvelli geðheilsu, samþætta á þjónustu sem snýr að geðheilbrigðismálum og efla á þekkingu á málefnum. Heilbrigðisráðuneytið birti í kjölfarið skýrslu um framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til ársins 2030, sem síðar var birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda þann 22. júní 2021 en hefur ekki verið kynnt í endanlegri mynd.<sup>64</sup> Í svari frá heilbrigðisráðuneytinu við fyrirspurn höfundar sem barst þann 3. mars 2022, kom fram að unnið sé að mótun og stefnu um framtíðarsýn og viðeigandi aðgerðaáætlun sem fyrirhugað sé að leggja fram sem þingsályktunartillögu.<sup>65</sup> Þingsályktunin um heilbrigðisstefnu var samþykkt árið 2019, þremur árum síðar er enn unnið að mótun og stefnu þessarar aðgerðaráætlunar. Ákall á breytt umhverfi, stuðning og vernd fyrir þennan hóp hefur samkvæmt framangreindu verið áberandi, búið er að þróa og rannsaka markvisst úrræði (sbr. Fjölskyldubruin) sem ætti að geta þjónað þeim tilgangi, en þrátt fyrir það gengur hægt að fá hljómgrunn fyrir ákalli um aðgerðir fyrir þennan hóp barna. Það er því hægt að álykta samkvæmt framangreindu að stjórnvöld hafi ekki gripið til markvissra aðgerða til að auka beinan stuðning við þennan hóp, eða að stuðla að vitundar- og þekkingaraukningu meðal fagfólks um aðstæður þeirra, þannig má draga þá ályktun að málefni þessa hóps barna sé ekki í forgangi og að stjórnvöld telji að börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda hafi ekki þörf fyrir brýna athygli né frekari áherslu á málefni þeirra.

---

<sup>61</sup> Landlæknisembættið, „Eftirlit Landlæknisembættisins með heilbrigðisþjónustu“ (*Landlæknisembættið, desember*, 2009) 10 <<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2842/4312.pdf>> skoðað 14. apríl 2022

<sup>62</sup> sama heimild (nr. 30)

<sup>63</sup> sama heimild

<sup>64</sup> Heilbrigðisráðuneytið, „Framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til 2030“ (*Heilbrigðisráðuneytið*, 22. júní 2021) <[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3004](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3004)> skoðað 14. mars 2022

<sup>65</sup> Heilbrigðisráðuneytið, tölvupóstur til höfundar (3. mars 2022)

## 9.2 Okkar heimur

Þrátt fyrir að fá úrræði af hálfu hins opinbera séu sérstaklega sniðin að hópi barna sem eiga foreldra sem eru að kljást við geðrænan vanda, eru þó nokkur sérhæfð úrræði fyrir þann hóp, sem eru á ábyrgð og framkvæmd frjálsra félagasamtaka. Þar má sem dæmi nefna verkefnið Okkar heimur sem fór upphaflega af stað innan vébanda samtakanna Geðhjálpar, en er nú rekið sem sjálfstæð eining. Verkefnið var sett af stað af tveimur konum sem áttu það sameiginlegt að hafa alist upp hjá foreldri með geðrænan vanda, þær komust fljótt að því að lítið hafði breyst síðan þær voru börn og tóku því þá ákvörðun að reyna að leggja sitt af mörkum fyrir þennan hóp barna. Í undirbúningsvinnu sinni komust þær að því að engar tölfræðiupplýsingar eru til um þann hóp barna á Íslandi sem eiga foreldra með geðrænan vanda, en erlendar rannsóknir benda til þess að eitt af hverjum fimm börnum séu í þeirri stöðu.<sup>66</sup>

Okkar heimur heldur úti vandaðri vefsíðu með fræðsluefni fyrir börn, sem er barnvænt og aðgengilegt og á að gera börnum kleift að taka það til sín og leita að frekari upplýsingum. Okkar heimur heldur einnig fjölskyldusmiðjur fyrir fjölskyldur þar sem saman koma börn og foreldrar í þessari stöðu, til að hitta hvert annað, skiptast á reynslusögum, og styðja við hvert annað, en ekki síst til þess að gera sér grein fyrir því að þau eru ekki ein í þessari stöðu.<sup>67</sup> Okkar heimur hefur auk þess í samstarfi við geðþjónustu Landspítalans, búið til fræðslubækling fyrir börn foreldra með geðrænan vanda. Bæklingarnir eru tveir, annars vegar fyrir börn á aldrinum sjö til ellefu ára<sup>68</sup> og hins vegar fyrir börn sem eru ellefu ára og eldri<sup>69</sup>, en það er gert til þess að börn fái fræðslu í samræmi við aldur þeirra og þroska. Bæklingurinn sem inniheldur upplýsingar fyrir börn sem eru ellefu ára og eldri inniheldur ítarlegri upplýsingar um bæði sjúkdóminn og umhverfi og aðstæður fjölskyldunnar, á meðan foreldri liggur inni á sjúkrahúsi. Bæklingurinn fyrir börn á aldrinum sjö til ellefu ára lýsir því hvert hlutverk allra þeirra starfsmanna sem koma að veikindum og sjúkrahúsvistun foreldris á meðan á veikindum stendur sem eru mikilvægar upplýsingar fyrir börn í þessari stöðu.

Ljóst er að verkefni eins og þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir þennan hóp barna, þarna koma saman einstaklingar sem hafa sjálfir reynslu af því að vera börn í þessari stöðu auk fagfólks með viðeigandi fagþekkingu. Það verður þó ekki hjá því komist að nefna, að hér eru

---

<sup>66</sup> sama heimild (nr. 32)

<sup>67</sup> sama heimild

<sup>68</sup> Okkar heimur, “Foreldri mitt er á sjúkrahúsi“ (*Okkar heimur*) <<https://www.okkarheimur.is/upplýsingar-fyrir-born-7-til-11-ara/>> skoðað 24. apríl 2022

<sup>69</sup> Okkar heimur, “Foreldri mitt er á sjúkrahúsi“ (*Okkar heimur*) <<https://www.okkarheimur.is/upplýsingar-fyrir-born-11-ara-og-eldri/>> skoðað 24. apríl 2022

frjáls félagasamtök að brúa bil í þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu, sem opinberum aðilum er skylt að sinna og ber að sinna, sbr. ákvæði barnasáttmálans.

### 9.3 Félagsþjónusta sveitarfélaga

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er kveðið á um í 2. gr. laganna að með félagsþjónustu sé átt við þjónustu, aðstoð og ráðgjöf, þar með talið félagslega ráðgjöf og félagslega heimþjónustu. Markmið laganna er meðal annars að veita aðstoð og þjónustu til þess að bæta úr vanda og/eða koma í veg fyrir að fjölskyldur komist í þær aðstæður að þær geti ekki ráðið úr málum sínum sjálfar, sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna, en það ákvæði hefur augljósa þýðingu fyrir þann hóp sem fjallað er um í þessari ritgerð.

Félagsleg ráðgjöf samkvæmt lögnum tekur meðal annars til uppeldismála, en foreldrar geta leitað til félagsráðgjafa á vegum félagsþjónustunnar til að fá ráðgjöf á því sviði, sbr. 17. gr. laganna, en geðræn veikindi geta haft áhrif á getu foreldra til þess að sinna uppeldi barna. Sveitarfélögum er einnig skylt að veita þeim sem á þurfa að halda stuðningsþjónustu vegna veikinda, sú þjónusta á að vera einstaklingsbundin og aðlöguð aðstæðum hverjum sinni, en markmiðið er að gera þjónustunotanda kleift að búa sem lengst í heima húsi, sbr. 25. og 26. gr. laganna. Í greininni er ekki kveðið nánar á um hvers konar veikindi falla undir ákvæðið, en fullt tilefni er til þess að áætla að geðræn veikindi eigi þar undir á sama hátt og önnur veikindi.

Við meðferð frumvarpsins sem varð að núgildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, skiluðu samtökin Geðhjálparumsögn, þar sem því var fagnað að lögnum sé ætlað það hlutverk að samræma félagsþjónustu sveitarfélaga, en samtökin bentu á að það hafi áhrif á einstaklinga með geðræn vandamál hve margir aðilar koma að málum þeirra því sé mikilvægt að betra skipulag og samvinna sé milli viðkomandi fagaðila. Þá fagnaði Geðhjálparþví jafnframt að sérstaklega sé kveðið á um að virða beri sjálfsákvörðunarrétt fólks og styrkja það til sjálfshjálpar sem sé jákvætt.<sup>70</sup>

VIII.kafli laganna fjallar um málefni barna og ungmenna en í 2. mgr. 30. gr. er kveðið á um að félagsmálanefnd skuli sjá til þess að börn búi við þroskavænleg uppvaxtarskilyrði, félagsþjónusta sveitarfélaga getur því veitt börnum foreldra með geðrænan vanda og fjölskyldum þeirra víðtæka aðstoð, stuðning og þjónustu, eftir atvikum í samvinnu við barnaverndarnefnd eða aðra stuðningsaðila í nærumhverfi barns.

---

<sup>70</sup> Alþt. 1990-1991, A-deild, þskj. 574-326. Mál

## 9.4 Geðheilsuteymi fjölskylduvernd

Geðheilsuteymi fjölskylduvernd, er tilraunaverkefni sem hófst árið 2021, á grundvelli samnings á milli Landspítalans og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.<sup>71</sup> Geðheilsuteymi fjölskylduvernd veitir þjónustu fyrir barnshafandi foreldra og foreldra með ung börn sem eru m.a. með geðrænan vanda, en markmiðið er að veita snemmtækt inn grip, sem miðar að því að fyrirbyggja þroska- og geðheilsuvanda ungra barna og foreldra þeirra.<sup>72</sup> Teymið veitir þjónustu á landsvísu og hugmyndafræðin byggist á tengslaeflandi nálgun en þjónustan er einstaklingsmiðuð. Teymið inniheldur hjúkrunarfræðinga, ljósmæður, félagsráðgjafa, sálfræðinga, sálgreina, fjölskyldufræðinga og geðlækna.<sup>73</sup> Með þessu úrræði fær þessi hópur foreldra, á fyrstu stigum uppeldis barna sinna, sérhæfða þjónustu, en ljóst er að tryggja þarf samfellu í sérhæfðri þjónustu fyrir þennan hóp foreldra og barna, enda ljóst að áskorunum í uppeldi barna lýkur ekki við eins árs aldurs þeirra, sérstaklega ef foreldrar eru sjálfir í erfiðri stöðu með takmörkuð bjargráð.

## 10. Norrænn samanburður

Samkvæmt rannsókn sem fram fór árið 2021 í Svíþjóð eiga um 11% sænskra barna að minnsta kosti eitt foreldri með geðrænan vanda, en niðurstöður rannsóknarinnar byggja á heimsóknum og sjúkdómsgreiningum í sérhæfðri geðheilbrigðisþjónustu. Af rannsókninni má greina að það hlutfall barna hefur aukist á síðasta áratug en hið raunverulega hlutfall barna í þeim hópi er þó hærri, þar sem í tölunum er ekki að finna börn foreldra sem leita sér hjálpar á t.d. heilsugæslu eða utan hins opinbera heilbrigðiskerfis. Í skýrslunni er auk þess fjallað um þau fjölmörgu stuðningsúrræði sem standa þessum hópi barna og foreldra til boða, en þar eru sem dæmi nefnd samtalsráðgjöf, foreldrastyðjandi ráðgjöf, aðkoma félagsþjónustu sveitarfélaga að samtali við foreldra um aðstæður og sjónarmið barns, hópastarf fyrir foreldra með geðrænan vanda sem eiga ung börn og þverfagleg samstarfsteymi fyrir foreldra í viðkvæmri stöðu.<sup>74</sup>

Í sænsku lögunum um heilbrigðisþjónustu, nr. 2017:30, er að finna ákvæði um sérstakar skyldur heilbrigðisstarfsfólks og veitendur heilbrigðisþjónustu gagnvart börnum en fram

<sup>71</sup> Landspítali, „FMB teymið sameinast geðheilsuteymi fjölskylduverndar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins“ (*Landspítali*, 6. apríl 2021) <<https://www.landspitali.is/um-landspitala/fjolmidlatorg/frettir/stok-frett/2021/04/06/FMB-teymid-sameinast-gedheilsuteymi-fjolskylduverndar-hja-Heilsugaeslu-hofudborgarsvaedisins/>> skoðað 24. apríl 2022

<sup>72</sup> Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, „Hlutverk og markmið“ (*Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins*) <<https://www.heilsugaeslan.is/default.aspx?pageid=e5ad005f-e230-11ea-9461-005056bc2afe#Tab9>> skoðað 21. apríl 2022

<sup>73</sup> Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins „Upplýsingar“ (*Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins*) <<https://www.heilsugaeslan.is/default.aspx?pageid=e5ad005f-e230-11ea-9461-005056bc2afe#Tab6>> skoðað 21. apríl 2022

<sup>74</sup> Joseph Muwonge Jr o.fl., *Vilka evidensbaserade insatser finns för barn till föräldrar med psykisk ohälsa eller missbruk : En Kunskapsöversikt* (Centrum för epidemiologi och samhällsmedicin 2021)

kemur í 7. gr. að taka þurfi sérstakt mið af þörf og rétti barna fyrir upplýsingar, ráðgjöf og stuðning ef foreldri barns eða annar fullorðinn sem barn býr varanlega með, er með geðrænan vanda eða geðfötlun.

Samkvæmt rannsókn sem fram fór í Noregi árið 2019 er áætlað að eitt af hverjum fimm börnum eigi foreldri með geðrænan vanda. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að 50% líkur væri á því að börn sem eiga foreldri með alvarlegan geðrænan vanda myndu sjálf glíma við einhvers konar geðrænan vanda og að 32% þessara barna myndu jafnvel glíma við alvarlegan geðrænan vanda. Rannsóknin sýndi að aldur barna skiptir máli, því yngra sem barnið er þegar foreldri er að glíma við geðræn veikindi, því meiri áhrif hafi veikindin á barnið til framtíðar auk þess sem það skiptir máli hvort barn búi einungis hjá foreldri með geðrænan vanda eða njóti stuðnings annars foreldris sem ekki er að kljást við slík veikindi. Rannsóknin leiddi jafnframt í ljós að eldri börn fá frekar þjónustu og með hverju aldursári jukust líkurnar á því að barnið fengi upplýsingar um meðferð og ástand foreldris, en börnin þurftu þó að hafa frumkvæði að því að biðja um upplýsingarnar. Rannsóknin sýndi fram á mikilvægi þess að þessi börn einangrist ekki, því félagsleg- og tilfinningaleg tengsl þeirra við aðra eru mjög mikilvæg, hvort sem um ræðir fjölskyldu, vini, starfsfólk skóla eða aðra. Rannsóknin staðfesti jafnframt að fjölskyldumiðuð inngríp minnkuðu líkurnar á því að börnin sjálf þrói með sér geðrænan vanda um 40%. Rannsóknin sýndi þó að þessi hópur barna vita ekki hvert þau eiga að leita og óttast það að verða fyrir fordómum. Viljinn til að leita sér aðstoðar, fá ráð og leiðbeiningar varðandi stöðu sína og foreldrisins er til staðar, börn vilja fá að taka þátt í meðferð foreldrisins og fá upplýsingar. Þau börn sem leita sér aðstoðar upplifa þó oftast en ekki að þau fái litla athygli innan geðheilbrigðiskerfisins þar sem einblínt er á foreldrið og stöðu þess.<sup>75</sup>

Árið 2010 var þessi hópur barna skilgreindur í lögum í Noregi, með breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn og lögum um sérhæfða heilbrigðisþjónustu. Með þeim breytingum voru þær skyldur lagðar á heilbrigðisstarfsfólk, að greina og uppfylla þarfir barna foreldra með geðrænan vanda, en könnun sem framkvæmd var eftir setningu laganna, sýndi að 56% heilbrigðisstarfsfólks hafði ekki kannað hvort sjúklingur sem lagðist inn ætti börn undir lögdri. Fimm árum síðar var könnunin gerð aftur og sýndu niðurstöður fram á framfarir, þar sem hlutfall heilbrigðisstarfsfólks sem ekki hafði virt þessa skyldu hafði lækkað niður í 28%. Þrátt fyrir lagasetningu og vilja löggjafarvaldsins til þess að þessum hópi barna sé sinnt hefur gengið erfiðlega að framkvæma kerfisbreytingar í samræmi við breytinguna á lögunum, en

---

<sup>75</sup> Reedtz C o.fl., „Identification of Children of Parents With Mental Illness: A Necessity to Provide Relevant Support, [2019] *Frontiers* <<https://doi.org/10.3389/fpsy.2018.00728>> skoðað 27. apríl 2022



nýleg rannsókn sem gerð var á tveimur geðsjúkrahúsum í Noregi sýnir að fjölskylduaðstæður hefðu einungis verið kannaðar hjá 17% sjúklinga.<sup>76</sup>

Það vekur athygli höfundar að fjallað er með beinum hætti um börn foreldra með geðrænan vanda í sænskum og norskum lögum um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu, en sú leið hefur ekki verið farin hér á landi. Ber til þess að líta að lagasetning er mikilvægt verkfæri í því að beina sjónum að tilteknum hópum og skyldum opinberra aðila gagnvart þeim, því þrátt fyrir hægagang í kerfisbreytingum í Noregi, hefur það óneitanlega haft áhrif að fjallað er um réttindi þeirra og skyldur heilbrigðisstarfsfólks gagnvart þeim, með beinum hætti í löggjöf.

## 11. Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Mannréttindadómstóll Evrópu<sup>77</sup> hefur gefið út leiðbeiningar varðandi túlkun og beitingu 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu<sup>78</sup> sem kveður á um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Auk þess hefur MDE í dómaframkvæmd sinni komist að þeirri niðurstöðu að ríkjum beri skylda samkvæmt 8. gr. MSE til þess að vernda rétt einstaklinga með geðræn vandamál til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, þá sérstaklega þegar börn foreldra með geðræn vandamál eru tekin úr þeirra umsjón.

Í máli *Bensaid gegn Bretlandi*<sup>79</sup> kom fram að vegna þeirrar skyldu sem aðildarríki bera gagnvart einstaklingum í viðkvæmri stöðu eins og þeim sem kljást við geðsjúkdóma leggur MDE áherslu á að sáttmálinn tryggi einstaklingum sem eru að kljást við andleg veikindi, friðhelgi einkalífs án nokkurrar mismununar.

Í máli *B gegn Rúmeníu*<sup>80</sup> voru málavextir þeir að amma tveggja barna leitaði til félags- og barnaverndaryfirvalda í heimalandinu í þeirri von að koma dóttur sinni og móður barnanna í innlögn vegna geðsjúkdóms og ofbeldishegðunar. Fram kom að börnin væru ekki í skóla, þau væru stundum matarlaus og án eftirlits. Í skýrslu velferðarfulltrúa eftir heimsókn á heimilið kom fram að brýnt væri að börnin yrðu tekin af heimili móður og úr hennar forsjá þar sem þeim stafaði hætta af aðstæðunum. Ljóst var að móðirin væri veik, matarskortur var á heimilinu, búsetuskilyrði voru með þeim hætti að hvorki var hiti né rafmagn og húsnæðið því ófullnægjandi. Þau gögn sem lágu fyrir í málinu voru auk þess vitnisburður nágretta sem lýstu skelfilegum aðstæðum barnanna hjá móður, mat á sálfélagslegri hættu sem börnunum stafaði

---

<sup>76</sup> sama heimild

<sup>77</sup> Hér eftir: MDE

<sup>78</sup> Hér eftir: MSE

<sup>79</sup> *Bensaid g. Bretlandi* ECHR 2001-I 303

<sup>80</sup> *B. g. Rúmeníu* App. nr. 1285/03 (ECtHR, 19. febrúar 2013)

af aðstæðunum og veitt samþykki ömmu barnanna fyrir vistun þeirra á vistheimili. Fyrir lá að móðirin hafði áður verið vistuð á stofnun. Rúmlega fimm árum eftir að börnin höfðu verið vistuð utan heimilis var forsjá barnanna færð í hendur forstöðumanns vistheimilisins, móðir barnanna fékk ekki tækifæri á að vera viðstödd aðalmeðferð málsins né að tjá sig um þær ákvarðanir sem teknar voru um börnin. Börnin voru þó yfirheyrð fyrir dómi að viðstöddum félagsráðgjafa, og tekin var ákvörðun um að áframhaldandi vistun barnanna á heimilinu væri í þeirra þágu, enda höfðu þau fengið reglulegar heimsóknir frá móður. Móðir barnanna kærði þennan úrskurð ekki en sóttist seinna eftir því að fá forsjá barnanna aftur til sín. Niðurstaða MDE í málinu var sú að brotið hafi verið gegn 8. gr. MSE, því bera verði virðingu fyrir friðhelgi fjölskyldu í öllum tilvikum, sem feli í sér að aðildarríki eigi ekki að grípa til ráðstafana nema brýna nauðsyn beri til. Í dóminum kemur enn fremur fram að foreldrar eigi rétt á því að tjá sig um fjölskyldumálefni, taka þátt í ákvörðunum og vera upplýstir um þær ákvarðanir sem teknar eru, þó svo að takmarkanir á þessum réttindum geti verið réttlætanlegar við vissar aðstæður, samkvæmt 2. mgr. 8. gr. MSE. MDE lagði í málinu áherslu á að mál sem þessi væru mjög viðkvæm, aðildarríki þyrftu svigrúm til þess að meta hvert mál fyrir sig en á sama tíma væri enn meira tilefni til þess að vernda þennan viðkvæma hóp gegn geðþóttaákvörðunum. Mikilvægt er að tekið sé tillit til viðhorfa og sjónarhorna allra aðila í stað þess að ákvarðanir séu teknar einhliða, þá þurfi að hafa virðingu og sanngirni að leiðarljósi við töku slíkra ákvarðana. MDE ítrekar að í þeim tilvikum sem foreldri á við geðræn vandamál að stríða, geti aðstæður breyst, því þurfi stöðugt að endurskoða þær ákvarðanir og í því samhengi sé oft gott að félagsráðgjafi og foreldri eigi í reglulegum samskiptum. MDE telur að þegar svo miklir hagsmunir liggja að baki ákvörðunum, verði að skera úr því hvort foreldri hafi, með hliðsjón af atvikum máls, átt möguleika á þátttöku í ákvörðunarferlinu í heild sinni, og hvort hagsmunir foreldris hafi verið nægilega tryggðir. Var það niðurstaða dómsins að ef ekki er gætt að þessum sjónarmiðum brjóti ákvörðunin gegn 8. gr., þar sem friðhelgi fjölskyldu er þar með virt að vettugi og nauðsyn þess að ganga á rétt friðhelgi fjölskyldunnar ekki til staðar. Þá ítrekar MDE að yfirvöld verði að sýna viðkvæmum hópi fólks virðingu og sérstaka aðgát auk þess sem þessi hópur fólks á rétt á aukinni vernd þar sem geta þeirra og skilningur til þess að tjá sig getur verið skertur. Álitamál í máli þessu laut að því hvort verklagsreglum hafi verið fylgt og hvort þær samrýmist rétti móður til friðhelgi fjölskyldulífs, hvort meðalhófs hafi verið gætt og hvort ákvörðunina sé hægt að réttlæta sem nauðsynlega. Tekið er sérstaklega fram að á þeim tíma sem upphaflega ákvörðunin var tekin hafi móðirin verið alvarlega veik en ekki hafi verið gripið til sérstakra verndarráðstafana í þágu hennar, til dæmis með því að fela henni lögmann eða

skipa umráðamann til bráðabirgða. Niðurstaða MDE var því sú að Rúmenía hafi brotið gegn 8. gr. MSE, með því að viðhalda vistun barnanna, þegar þess gerðist ekki lengur þörf.

Af niðurstöðu þessa máls má álykta að gæta þurfi meðalhófs í málum sem varða mikilvæga og viðkvæma hagsmuni fjölskyldna en mikilvægt sé að brugðist sé við upplýsingum um erfiðleika og veikindi foreldra, og þeim sé þá tryggður stuðningur við hæfi. Komi til vistunar barns utan heimilis vegna skorts foreldris með geðræn vandamál á foreldrahæfni, þarf að endurskoða þá ráðstöfun reglulega, þar sem aðstæður foreldra geti breyst til hins betra, og við því þurfi líka að bregðast. Þá er niðurstaðan einnig sú að tryggja beri foreldrum í viðkvæmri stöðu aðstoð við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við meðferð mála af þessum toga.

Í máli *K. og T. gegn Finnlandi*<sup>81</sup> reifar MDE að yfirvöldum sé heimilt að grípa til sérstakra aðgerða í þágu barna í takmarkaðan tíma, aðgerðir stjórnvalda í þessu máli hafi ekki verið í samræmi við aðstæður og of harkalegar. Sú aðgerð að taka nýfætt barn úr höndum móður og vista það í úrræði þar sem það missir fjölskyldutengsl sé ekki í samræmi við réttindi barnsins.

Í *A.K. og L. gegn Króatíu*<sup>82</sup> voru málavextir þeir að sonur geðsjúkrar móður var ættleiddur án hennar vitneskju, en henni var ekki gefið færi á því að tjá sig við meðferð máls, né að taka þátt í ættleiðingarferlinu. Fulltrúar Króatíu héldu því fram að móðir drengsins hefði ekki haft lögvarða hagsmuni af meðferð málsins, þar sem samband móður og sonar hafi ekki verið með þeim hætti að það gæti kallast fjölskyldusamband, en auk þess hefði ættleiðingin þegar gengið í gegn og því væru það kjörforeldrar drengsins sem kæmu fram fyrir hans hönd. Króatía hélt því einnig fram undir rekstri málsins að móðirin hefði ekki tæmt öll innlend úrræði, þar sem hún hafi ekki á sínum tíma mótmælt úrskurðinum þar sem hún var svipt forsjá barnsins. MDE benti á, að þó svo að móðirin hafi verið svipt forsjá, sem rauf lagaleg fjölskyldutengsl á milli móður og sonar, kæmi það ekki í veg fyrir að hún gæti komið fram fyrir hönd drengsins þar sem samkvæmt 34. gr. MSE séu börn oft í þeirri stöðu að þurfa að treysta á aðra þar sem aldur þeirra og þroski getur verið með þeim hætti að þau hafi ekki tök á að krefjast eigin réttinda. Horfa þurfi á heildarsamhengi allra atvika máls, og bera eigi virðingu fyrir einka- og fjölskyldulífi drengsins fyrir ættleiðingu, það séu grundvallarréttindi barns að eiga þann möguleika á að þekkja kynforeldra sína nema veigamiklar ástæður séu fyrir hendi sem réttlæta hið gagnstæða. MDE komst því að þeirri niðurstöðu að kynmóðir drengsins hafi getað komið fram fyrir hans hönd er varða þau atriði máls áður en ættleiðingin gekk í gegn, þar á meðal

<sup>81</sup> *K. og T. g. Finnlandi* ECHR 2001-VII 191

<sup>82</sup> *A.K. og L. g. Króatíu* App nr. 37956/11 (ECtHR, 8. janúar 2013)

varðandi rétt drengsins til virðingar gagnvart fjölskyldulífi hans. MDE taldi því 8. gr. MSE eiga við í þessu máli þar sem kynmóðir hafi þrátt fyrir að drengurinn hafi verið tekinn af henni rétt eftir fæðingu haldið áfram að heimsækja hann og þar með séu fjölskyldutengsl þeirra til staðar. Niðurstaðan var sú að Króatía hafi brotið gegn 8. gr. MSE vegna málsmeðferðarinnar sem innlend yfirvöld beittu og fól í sér aðskilnað barns og móður.

Mál *S.S. gegn Slóveníu*<sup>83</sup> varðaði mál fjögurra barna móður sem greind var með ofsóknargeðklofa (e. paranoid schizoprenia) en fyrir lá að hún hafði misst forsjá yfir yngsta barni sínu E, og sóttist eftir því að fá forsjá þess aftur. Fyrir lágu upplýsingar um að gripið hafi verið til fjölda úrræða, sem ekki báru árangur. Þá hafi fjölda úrræða verið reynd eftir að E hafði verið ráðstafað í fóstur, en þau báru ekki árangur vegna áhugaleysis móður. Móðirin hafði neitað meðferð vegna veikinda sinna, í skýrslu geðlæknis kom fram að raunveruleikasýn móður væri ábótavant, að hún búi ekki yfir innsæi í sjúkdóm sinn og sé haldin ranghugmyndum. MDE hafnaði því að í málinu hafi verið brotið gegn 8. gr. MSE þar sem aðildarríki hafi sýnt fram á að ákvörðun sú að ráðstafa barninu í ættleiðingu hafi ekki verið tekin einungis vegna þess að móðirin glímdi við geðklofa heldur byggði ákvörðunin á því sem barninu var fyrir bestu, auk þess sem öll tiltæk stuðningsúrræði voru reynd án árangurs. Ef hliðsjón er tekin af niðurstöðu í fyrrnefndu máli *B gegn Rúmeníu*, má sjá að í þessu máli var gætt að meðalhófi, foreldrinu var tryggð aðstoð við uppeldi barns og við að tjá sig, og voru því afskipti yfirvalda af uppeldisaðstæðum barnsins og friðhelgi fjölskyldunnar talin réttlætanager.

Í þessu samhengi má einnig nefna sænskan dóm Seva Hovrátt<sup>84</sup> þar sem málsatvik voru með þeim hætti að ungbarn móður með geðfötlun var vistað utan heimilis af hálfu sveitarfélagsins strax eftir fæðingu. Stjórnarsýsludómstóll samþykkti svo stuttu síðar umsókn félagsmálanefndar sveitarfélagsins um áframhaldandi vistun barnsins, gegn vilja móður. Áfrýjunardómstóllinn Svea Hovrátt staðfesti að við meðferð málsins hafi sveitarfélagið mismunað bæði barninu og foreldrum þess vegna geðfötlunar móður. Niðurstaða dómsins var sú að sveitarfélagið hafi brotið gegn lögum sem vernda einstaklinga gegn mismunun sem og 8. og 14. gr. MSE, þar sem ekki var lagt mat á foreldrahæfni móðurinnar í upphafi meðferðar málsins, heldur hafi sveitarfélagið gengið út frá því að móðirin væri vanhæf og ófær um að annast barnið og því hafist handa við vistum barnsins án samþykkis foreldranna, en í því fólst mismunun.

<sup>83</sup> *S.S. g. Slóveníu* App nr. 40938/16 (ECtHR, 30. október 2018)

<sup>84</sup> Svea hovrátt í máli T 5095-1 frá 11. apríl 2014

Dómur þessi er í samræmi við dómaframkvæmd MDE, með hliðsjón af fyrrnefndu máli *B gegn Rúmeníu* er þessi dómur í samræmi við þá niðurstöðu þess máls, að endurskoða þurfi ráðstöfun reglulega þar sem aðstæður foreldra geti breyst til hins betra þrátt fyrir að skortur hafi verið á foreldrahæfni á einhverjum tímapunkti. Einnig komst MDE að þeirri niðurstöðu í fyrrnefndu máli *K. og T. gegn Finnlandi* að sú aðgerð að taka nýfætt barn úr höndum móður og vista það í úrræði þar sem það missir fjölskyldutengsl sé ekki í samræmi við réttindi barns.

## 12. Dómaframkvæmd

Í dómi *Hæstaréttar nr. 144/2012 og 145/2012* áréttaði Hæstiréttur að það séu mannréttindi foreldra að ala börnin sín upp, forsjárréttur foreldra sé þó takmarkaður af þeim mannréttindum barna að fá að njóta forsvaranlegra uppeldisskilyrða. Í þessum málum voru börn varnaraðila vistuð utan heimilis sökum langvarandi geðrænna erfiðleika foreldrisins auk vímuefnavanda. Varnaraðili kvaðst neyta vímuefna til þess að vinna úr andlegum sársauka en fékkst þó ekki til að leita sér meðferðar. Börn varnaraðila lýstu yfir vilja til að búa hjá föður sínum en ef það væri ekki hægt óskuðu þau eftir því að fá að búa hjá ættingjum sínum. Niðurstaða dómsins var sú að börnin skyldu áfram vistuð utan heimilis sökum þess að varnaraðili geri sér ekki grein fyrir vanda barna sinna né hafi hann horfist í augu við þá staðreynd, að hann þurfi að leita sér aðstoðar í veikindum sínum og láta af fíkniefnaneyslu til þess að hann geti búið börnum sínum öryggi, þá félagslegu umgerð og þá aðhlyningu sem þau þurfa á að halda. Í málinu lá fyrir að varnaraðili væri ófær um að sinna uppeldisskyldum sínum gagnvart börnunum vegna andlegra veikinda og fíkniefnavanda. Hér er því byggt á sömu sjónarmiðum og í máli *S.S. gegn Slóveníu*, þar sem reyndi á vilja foreldris til að taka við aðstoð, til þess að geta búið börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður.

Í dómi *Landsréttar nr. 57/2021 og 58/2021* hafði móðir glímt við andleg veikindi auk þess sem hún átti við áfengisvandamál að stríða, en fram kom að svo unnt væri að tryggja þroska og velferð barns hennar, þyrfti hún að lágmarki að ná stjórn á áfengisneyslu sinni. Í málinu lá fyrir að Barnavernd hafi í samræmi við 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 beitt margvíslegum úrræðum til stuðnings móðurinnar. Móðirin hafi meðal annars búið á vistheimili með börnum sínum sem átti að aðstoða hana við að koma reglu á líf sitt og standa á eigin fótum áður en hún færi með börnin sín heim. Þá hafi hún fengið margþættan stuðning og uppeldisráðgjöf, notið fjárhagsaðstoðar, fengið aðgang að virkniúrræði, notið félagslegrar ráðgjafar og aðstoðar vegna geðræns vanda og haft aðgang að stuðningsfjölskyldu. Öll tiltæk og viðeigandi úrræði höfðu því verið reynd án tilskilins árangurs, og það var því niðurstaða dómsins að börnin yrðu vistuð utan heimilis.

Í dómi *Landsréttar nr. 647/2019* var kröfu A um dómkvaðningu matsmanns til að meta forsjárhæfni hennar hafnað sökum þess að ítarleg gögn um langvarandi og alvarleg andleg veikindi auk fíkniefnavanda lægu fyrir, auk þess sem A hafði verið svipt sjálfræði, og taldi dómurinn því að dómkvaðning matsmanns myndi ekki skila árangri.

Í dómi *Landsréttar nr. 407/2019* átti stefnda við andleg veikindi að stríða auk fíkniefnavanda, hún hafi hvorki sinnt umönnun dóttur sinnar né reglulegri umgengni á þeim tíma sem dóttir hennar dvaldi á fósturheimili. Þá taldi dómurinn að stefnda hafi ekki nýtt sér þau fjölþættu úrræði sem henni hafi stóð til boða í því skyni að bæta eigin forsjárhæfni og þá hafi stefnda ekki boðið dóttur sinni upp á viðunandi heimilisaðstæður né haft nauðsynlega hæfni til þess að annast hana. Niðurstaða dómsins var því að staðfesta ákvörðun um sviptingu stefndu á forsjá dóttur hennar, þar sem það var talið samrýmast best hagsmunum stúlkunnar.

Í dómi *Landsréttar nr. 748/2019 og 749/2019* var kröfum sóknaraðila um umsjón eigin barna hafnað. Fram kom að sóknaraðili ætti sögu um neyslu auk þess sem hún glímdi við þunglyndi, kvíða og geðrofssjúkdóm. Ástand sóknaraðila hafi versnað mikið eftir fall á vímuefnabindindi og að mati geðlæknis var ástæða til að hafa áhyggjur af líðan og velferð barnanna í umsjá móður sinnar. Gögn málsins kváðu um að sóknaraðili auk sambýlismanns hennar sem ætti sögu um vímuefnavanda og ofbeldi, að þau væru ekki samvinnufús, neituðu að gangast undir vímuefnapróf, hleyptu hvorki barnavernd né lögreglu inn á heimilið og mættu ekki á boðaða fundi. Fyrir lá að börnum sóknaraðila hafi ekki liðið vel heima hjá sér í návist sambýlismanns hennar. Með vísan í gögn málsins var kröfum móður um að fá börnin í sína umsjón hafnað.

Samkvæmt þessum dómum Hæstaréttar og Landsréttar er ljóst að þeir eru í samræmi við dómaframkvæmd MDE. Hæstiréttur og Landsréttur hafa tekið skýra afstöðu um að geðsjúkdómur einn og sér leiði ekki til forsjársviptingar og/eða vistun barns utan heimilis, heldur þurfi annað og meira að koma til, þ.e. skert foreldrahæfni, skortur á innsýn í eigin vanda og skortur á vilja til þátttöku í úrræðum sem ætlað er að bæta aðstæður barnanna. Þannig hefur Hæstiréttur sem og Landsréttur sett hagsmuni barna og réttindi frammar réttindum foreldra til að ala upp börnin sín. Af dómaframkvæmd að ráða og málsatvikum þeirra mála sem hér hefur verið fjallað um, má ráða að í þeim tilvikum þar sem forsjársvipting eða vistun barns utan heimilis gegn vilja foreldris kemur til greina, sé vandinn orðinn verulegur og hafi jafnvel verið viðvarandi vandamál árum saman, en úrslitaáhrif hafa þá foreldrahæfni og vilji foreldra til að taka við ráðgjöf og stuðningi og setja hagsmuni eigin barna frammar eigin hagsmunum.

### 13. Niðurstöður

Ísland hefur, sem aðildarríki að barnasáttmálanum, skuldbundið sig til þess að grípa til allra viðeigandi ráðstafana og nauðsynlegra ráðstafana, til að tryggja að börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda, fái notið viðeigandi stuðnings og þeirra réttinda sem kveðið er á um í barnasáttmálanum, á sama hátt og önnur börn, án mismununar af nokkru tagi. Áhrifa barnasáttmálans gætir víða í íslenskri löggjöf auk þess sem fjölmargar stofnanir starfa með það að markmiði að gæta að réttindum og hagsmunum barna. Hvergi er þó kveðið með beinum hætti á um réttindi og hagsmuni þessa hóps barna í íslenskri löggjöf en það getur jafnvel orðið til þess að þau gleymast. Börn foreldra með geðrænan vanda eru jafnan kölluð „ósýnilegu börnin“ og er það af einföldum ástæðum, þau upplifa jafnframt skilningsleysi og fordóma í samfélaginu, stuðningi við þau er ábótavant og ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um stöðu þeirra og aðstæður.

Stigið hefur verið í rétta átt, meðal annars með setningu áðurnefndra laga nr. 50/2019 um rétt barna sem aðstandenda, en mikilvægt er að breytingunum sé fylgt eftir og að til staðar séu skýrir verkferlar um framkvæmdina. Sömu sjónarmið eiga við um farsældarlögin svokölluðu, en höfundur bindur miklar vonir við innleiðingu og framkvæmd þeirra laga í þágu barna sem eiga foreldri með geðrænan vanda. Hægt gengur að fá hljómgrunn fyrir ákall um stuðning fyrir þennan hóp barna og draga má þá ályktun af framangreindri umfjöllun að stjórnvöld hafi ekki gripið til markvissra aðgerða til að auka sýnileika þessa hóps, eða að stuðla að vitundar- og þekkingaraukningu meðal fagfólks um aðstæður þeirra. Þannig má draga þá ályktun að málefni þessa hóps barna sé ekki í forgangi og að stjórnvöld telji að ekki sé þörf á sérstökum aðgerðum í þágu þeirra né frekari áherslu á málefni þeirra. Þangað til verða frjáls félagasamtök að brúa bil í þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu, sem opinberum aðilum er skylt að sinna og ber að sinna, sbr. ákvæði barnasáttmálans.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er niðurstaðan því ótvírætt sú, að íslenska ríkið hefur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt barnasáttmálanum, um að tryggja þessum hópi barna öll þau réttindi sem sáttmálinn verndar, án mismununar af nokkru tagi. Ljóst er að lítið er vitað um aðstæður og líðan barna sem eiga foreldri með geðrænan vanda og að mikið verk er óunnið í því brýna verkefni að leiða í ljós raunverulega stöðu þeirra eins og barnasáttmálinn gerir kröfu um. Rannsóknir hafa sýnt að snemmbær og samþættur stuðningur við fjölskyldur í þessari stöðu minnkar verulega líkurnar á því að barn foreldris með geðrænan vanda þrói sjálft með sér geðrænan sjúkdóm. Þannig má leiða að því líkur að með öflugri stuðning af því tagi sé hægt að koma í veg fyrir vanda sem erfist milli kynslóða og fækka í hópi

þeirra barna sem alast upp við skert tækifæri og réttindi, vegna geðrænna veikinda foreldra. Það eru því brýnir samfélagslegir hagsmunir í húfi, sem hægt er að tryggja með virkum og raunverulegum úrræðum í þágu þess hóps barna sem eiga foreldra með geðrænan vanda.



## Heimildir

Andri Árnason, Sindri M. Stephensen og Stefán A. Svensson, *Aðferðafræði : réttarheimildir* (Reykjavík : Háskólinn í Reykjavík, 2020)

Barnaverndarstofa, „Lykiltölur Barnaverndarstofu 2019“ (*Barnaverndarstofa*, 2020)

<<https://www.bvs.is/media/samanburdarskyrslur-tolulegar-uppl/Lykiltolur-Barnaverndarstofu-2019.pdf>> skoðað 21. apríl 2022

— —, „Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda á árunum 2019–2021“

(*Barnaverndarstofa*, 2022) 4 <<https://www.bvs.is/media/almenningur/Samanburdur-allt-arid-2019-2020-2021-tilkynningar-januar-2022.pdf>> skoðað 23. apríl 2022

— —, „Tölulegar upplýsingar frá barnaverndarnefndum 2020“ (*Barnaverndarstofa*, janúar 2022) <<https://www.bvs.is/media/almenningur/Arskyrsla-bvn-2020.pdf>> skoðað 23. apríl 2022

Eva Bjarnadóttir, Margrét Steinarsdóttir og Þóra Jónsdóttir, „Viðbótarskýrsla við fimmtu og sjöttu skýrslu Íslands til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna 2020“ (Barnaheill, Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Landssamtökin Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn á Íslandi, Samfés, Ungmennafélag Íslands, UNICEF á Íslandi og Öryrkjabandalagið 2020)

<<https://www.barnaheill.is/static/files/Frettir/Frettir2020/vidbo-tarsky-rsla-til-barnarettarnefndar-i-slenska.pdf>> skoðað 2. apríl 2022

Hagstofa Íslands, „Komur til sérgreinalækna eftir sérgreinum 1991-2017“ (*Hagstofa Íslands*)

<[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_heilbrigdismal\\_\\_heilbrigdi\\_sthjonusta/HEI04312.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3a3ff596-3d33-482b-9aad-a473eb87d655](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__heilbrigdismal__heilbrigdi_sthjonusta/HEI04312.px/table/tableViewLayout1/?rxid=3a3ff596-3d33-482b-9aad-a473eb87d655)> skoðað 18. mars 2022

— —, „Fjöldi barna sem misstu foreldri 2009-2021“ (*Hagstofa Íslands*, 22. mars 2022)

<[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Fjolskyldan/MAN08800.px/table/tableViewLayout1/?rxid=eb34832f-23e3-4cbd-a344-211abeecdcb9](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__fjolsk__Fjolskyldan/MAN08800.px/table/tableViewLayout1/?rxid=eb34832f-23e3-4cbd-a344-211abeecdcb9)> skoðað 18. apríl 2022

— —, „Fjöldi foreldra sem andast eftir kyni, aldursflokkum og dánarorsök samtala árána 2009-2020“ (*Hagstofa Íslands*, 23. mars 2022)

<[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Fjolskyldan/MAN08801.px/table/tableViewLayout1/?rxid=eb34832f-23e3-4cbd-a344-211abeecdcb9](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__fjolsk__Fjolskyldan/MAN08801.px/table/tableViewLayout1/?rxid=eb34832f-23e3-4cbd-a344-211abeecdcb9)> skoðað 18. apríl 2022

- —, „Notkun og söluverðmæti lyfja 1989-2018“ (*Hagstofa Íslands*)  
<[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_heilbrigdismal\\_\\_heilbrigdi sthjonusta/HEI04400.px/table/tableViewLayout1/?rxid=42b3b284-1b07-4105-89cc-ed3824f9dd40](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__heilbrigdismal__heilbrigdi sthjonusta/HEI04400.px/table/tableViewLayout1/?rxid=42b3b284-1b07-4105-89cc-ed3824f9dd40)> skoðað 18. mars 2022
- Heilbrigðisráðuneytið, „Framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til 2030“  
(*Heilbrigðisráðuneytið*, 22. júní 2021) <[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3004](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3004)> skoðað 14. mars 2022
- —, tölvupóstur til höfundar (3. mars 2022)
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, „Hlutverk og markmið“ (*Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins*) <<https://www.heilsugaeslan.is/default.aspx?pageid=e5ad005f-e230-11ea-9461-005056bc2afe#Tab9>> skoðað 21. apríl 2022
- —, „Upplýsingar“ (*Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins*)  
<<https://www.heilsugaeslan.is/default.aspx?pageid=e5ad005f-e230-11ea-9461-005056bc2afe#Tab6>> skoðað 21. apríl 2022
- Joseph Muwonge Jr o.fl., *Vilka evidensbaserade insatser finns för barn till föräldrar med psykisk ohälsa eller missbruk : En Kunskapsöversikt* (Centrum för epidemiologi och samhällsmedicin 2021)
- Kristín Rún Friðriksdóttir, Ragnheiður Halldórsdóttir, Eydís K. Sveinbjarnardóttir og Páll Biering, „Börn sem eiga foreldra með geðsjúkdóma“ (2012) 88(3) *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 6
- Landlæknisembættið, „Eftirlit Landlæknisembættisins með heilbrigðisþjónustu“  
(*Landlæknisembættið*, desember 2009)  
<<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2842/4312.pdf>> skoðað 14. apríl 2022
- Landspítali, „FMB teymið sameinast geðheilsuteymi fjölskylduverndar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins“ (*Landspítali*, 6. apríl 2021) <<https://www.landspitali.is/um-landspitala/fjolmidlatorg/frettir/stok-frett/2021/04/06/FMB-teymid-sameinast-geðheilsuteymi-fjolskylduverndar-hja-Heilsugaeslu-hofudborgarsvaedisins/>> skoðað 24. apríl 2022
- Okkar heimur, „Foreldri mitt er á sjúkrahúsi“ (*Okkar heimur*)  
<<https://www.okkarheimur.is/upplýsingar-fyrir-born-7-til-11-ara/>> skoðað 24. apríl 2022

- —, “Foreldri mitt er á sjúkrahúsi“ (*Okkar heimur*)  
<<https://www.okkarheimur.is/upplýsingar-fyrir-born-11-ara-og-eldri/>> skoðað 24. apríl 2022
- —, „Um okkur“ (*Okkar heimur*) <<https://www.okkarheimur.is/um-okkur/>> skoðað 24. apríl 2022
- Reedtz C o.fl., „Identification of Children of Parents With Mental Illness: A Necessity to Provide Relevant Support,, [2019] *Frontiers* <<https://doi.org/10.3389/fpsy.2018.00728>> skoðað 27. apríl 2022
- Smith, R., „The Third Optional Protocol to the UN Convention on the Rights of the Child?: Challenges Arising Transforming the Rhetoric into Reality“ (2013) 21(3) *The International Journal of Children’s Rights* 305 <<https://doi.org/10.1163/15718182-5680020>>, skoðað 12. apríl 2022
- Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Nýmæli í barnalöggjöf“ (2004) 1 *Tímarit Lögréttu* 37
- Umboðsmaður barna, „Barnaréttarnefndin“ (*Umboðsmaður barna*)  
<<https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnarettarnefndin/>>, skoðað 23. mars 2022
- —, „Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins“ (*Umboðsmaður barna*)  
<<https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnasattmali-sameinudu-thjodanna/>>, skoðað 23. febrúar 2022
- —, „Skýrsla til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna“ (*Umboðsmaður barna*, 5. október 2020) <<https://www.barn.is/frettir/skyrsla-til-barnarettarnefndar-sameinudu-thjodanna>> skoðað 15. mars 2022
- UNCHR, „Consideration of reports submitted by States parties under article 44 of the Convention“ (2012) UN Doc CRC/C/ISL/CO/3-4
- United Nations, „Status of Treaties: Optional Protocol to the Convention on the Rights of the Child on a Communications Procedure“ (United Nations Treaty Collection)  
<[https://treaties.un.org/pages/ViewDetails.aspx?src=IND&mtdsg\\_no=IV-11-d&chapter=4&clang=\\_en](https://treaties.un.org/pages/ViewDetails.aspx?src=IND&mtdsg_no=IV-11-d&chapter=4&clang=_en)> skoðað 14. mars 2022
- Valgeir Örn Ragnarsson, „Börn fólks með geðsjúkdóma þurfa stuðning“ *RÚV* (Reykjavík, 4. júní 2019) <<https://www.ruv.is/frett/born-folks-med-geðsjukdoma-thurfa-studning>> skoðað 19. mars 2022
- Þórhildur Líndal, *Barnasáttmálinn : rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi* (Reykjavík: UNICEF 2007)
- Þyrí Halla Steingrímisdóttir, „Það sem barninu er fyrir bestu“ (2004) 57(2) *Úlfjótur*, tímarit laganema 173